FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL

GEFIÐ ÚT AF HAGFRÆÐIDEILD
LANDSBANKA ÍSLANDS

OKT. — DES. 1954

RITSTJÓRI: JÓHANNES NORDAL

Hvert stefnir? 59

Tveir fyrirlestrar um gjaldeyris- og peningamál eftir dr. Per Jacobsson 62

Fyrri fyrirlestur: Jafnvægi í peningamálum og bankakerfið 63
Síðari fyrirlestur: Vandamál í sambandi við afturhvarf til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar 72

Framleiðsla og fjárfesting 1953 82

Inngangur 82
Framleiðsla landbúnaðarafurða . 82
Fjárfesting í landbúnaði 83
Útgerð og sjávarvöruiðnaður ... 85
Aukning skipastólsins 90
Iðnaðarframleiðsla 91
Heildarfjárfesting 92
Opinberar framkvæmdir 92
Húsbyggingar 94

Fréttaþættir 98

Utanrikisviðskipti- og gjaldeyrisstaða 98
Aflabrögð og útgerð 99
Landbúnaður 1954 100
Ríkisfjármálin 101
Skýrsla Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um Ísland 101
Viðskiptasamningar 1954 102
Sparifjársöfnun skólabarna 103
Skráð gengi 104
Peningamarkaður. Spariinnlánlækka 104
Töflur um seðlaveltu, aðstöðu bankanna gagnvart útlöndum, endurkeypta vixla, Mótvirðissjóð, heildarútlán bankanna, spariinnlán og veltiinnlán i bönkunum ..... 104—107

Töflur 108

Inn- og útflutn. eftir mánuðum .. 108
Útflutningur helztu vöruflokka .. 108
Viðskipti við einstök lönd í milljónum króna 109
Viðskipti við einstök lönd í hlutfallstölum 110
Fiskafli, sundurliðað á togara og báta mánaðarlega 111
Fiskafli, skipt á fisktegundir 111
Hagnýting fiskaflans 112
Framleiðsla og sala mjólkurafurða 112
Vísitala framfærslukostnaðar ... 113
Kaupgjaldsvísitala 113
Vísitala byggingarkostnaðar 113
Húsaleiguvisitala 113
Innlán og útlán sparisjóða, Söfnunarsjóðs og innlánsdeilda kaupfélaga 113
Efnahagsreikningar seðlabankans 114
Efnahagsreikningar viðskiptabankanna 115

FJÁRMÁLATÍÐINDI eru gefin út af hagfræðideild Landsbanka Íslands, og er ráðgert, að þau komi út fjórum sinnum á ári. Söluumboð og afgreiðslu áskrifta hefur Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

*

Áskriftarverð er 25 kr. á ári nema þessi fyrsti árgangur, sem aðeins verður tvö hefti og kostar 15 kr. Í bókaverzlunum kostar hvert hefti 10 kr.

*

Þeir, sem þess óska, geta fengið ritið óskorið.

Prentað í Ísafoldarprentsmiðju h.f.

Hvert stefnir?

Í þessari grein er skýrt frá hinum breyttu viðhorfum í gjaldeyrismálum heimsins. Rætt er um verðbólguhættuna hér á landi og líkindi til þess, að Íslendingar geti orðið þátttakendur í frjálsu gjaldeyriskerfi.

Mikil umskipti hafa orðið í gjaldeyrismálum á undanförnum tveimur árum. Hinn sífelldi dollaraskortur, sem þjakað hefur fjármálalíf Vestur-Evrópu og margra annarra hluta heims, hefur læknazt að miklu leyti, og viðskipti landa á milli verða frjálsari með hverjum mánuði, sem líður. Flestar vestrænar þjóðir stefna nú einhuga að því marki að koma á fót frjálsum gjaldeyrisviðskiptum og að endurreisa verzlunarfrelsi.

Djúptæk hugarfarsbreyting hefur orðið í þessum efnum, en hún er ekki fólgin í því, að menn hafi skyndilega lært að meta, hvers virði frjálsari viðskipti eru fyrir hag þjóða, heldur hinu, að þeir hafa komizt að raun um, að hægt er að koma þessari hugsjón í framkvæmd. Höft hafa aldrei verið talin æskileg í sjálfu sér nema af fámennum hópi manna. Þau voru sett sem neyðarráðstöfun í nokkrum löndum, þegar heimskreppan stóð sem hæst eftir 1930, og á styrjaldarárunum urðu þau almenn um allan heim. Flestar þjóðir voru þó staðráðnar í, að þau skyldu afnumin eins fljótt og unnt væri, og í áætlunum, sem gerðar voru á stríðsárunum um nýskipun fjármála, eftir að friður yrði saminn, var frelsi í viðskiptum þjóða á milli gert að einu höfuðmarkmiði alþjóðasamvinnu í efnahagsmálum. En hin þráláta verðbólga og dollaraskortur, sem einkenndi efnahagsástand fyrstu áranna eftir stríðið, komu mörgum á þá skoðun, að gjaldeyrishömlur væru óumflýjanlegar og það væri óskadraumur einn, að nokkru sinni yrði horfið aftur til fullkomins viðskiptafrelsis. Sannaðist hér eins og oft áður, hve fljótt hugir manna samlaga sig nýjum aðstæðum, svo að ráðstafanir, sem upphaflega er gripið til eingöngu til bráðabirgða, eru eftir skamman tíma álitnar sjálfsagðar og jafnvel óhjákvæmilegar.

En þetta hugarfar hefur gjörbreytzt í flestum löndum nú að undanförnu. Ný viðhorf hafa skapazt, sem hafa sýnt, að unnt væri að endurreisa frjáls gjaldeyrisviðskipti mjög fljótlega, ef vilji væri fyrir hendi. Þessi umskipti má að mestu leyti þakka hinni nýju stefnu í fjármálum, sem tekin hefur verið upp í hverju landinu á fætur öðru síðustu fjögur árin. Með margvíslegum fjármálalegum ráðstöfunum, en þó einkum lækk-

un ríkisútgjalda og samdrætti bankaútlána með hærri vöxtum, hefur tekizt að lækna á skömmum tíma hina langvinnu verðbólgu, sem hófst á styrjaldarárunum. Jafnvægi hefur þannig náðst innan lands, en því hefur ætíð fylgt, áður langt liði, stórkostleg breyting til batnaðar í utanríkis- og greiðsluviðskiptum. Hin margvíslegu vandamál i þessu sambandi eru rædd af óvenjulegri þekkingu í tveimur fyrirlestrum eftir dr. Per Jacobsson, sem birtir eru í þessu hefti Fjármálatíðinda.

Mikilvægasti lærdómurinn, sem menn hafa dregið af reynslu síðustu ára, er, að fjármálastefnan innan lands ræður mestu um það, hver gjaldeyrisafkoman verður og hvort hægt er að reka frjáls viðskipti út á við; og það er ekkert í eðli hlutanna, sem veldur því, að þjóðir þurfi að búa við höft og gjaldeyrisskort. Ný alda bjartsýni hefur breiðzt út, síðan menn fóru að gera sér þetta ljóst. Hver þjóð er í þessu efni fyrst og fremst sinnar eigin gæfu smiður, og hún verður sjálf að velja, hvort hún vill gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að geta tekið þátt í því að koma á viðskiptafrelsi meðal allra vestrænna þjóða.

Íslendingar hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort þeir séu ekki að verða eftirlegukindur í þróuninni í átt til frjálsari viðskipta þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur í þeim efnum síðan 1950. Gengislækkunin átti mikinn þátt í því að koma á meira jafnvægi út á við, en einnig hefur Íslendingum borizt í hendur mikið erlent fé í lánum, óafturkræfum framlögum og síðustu tvö árin sem tekjur af varnarliðinu og framkvæmdum þess. Af öllum þessum ástæðum hefur innflutningur orðið miklu greiðari og dollaraeignin aukizt.

Samt eru Íslendingar enn langt á eftir flestum öðrum Evrópuþjóðum í gjaldeyrismálum. Jöfnuður sá, sem náðst hefur gagnvart útlöndum að undanförnu, byggist á stórkostlegum beinum og óbeinum útflutningsstyrkjum, niðurgreiðslu innlends verðlags, gjaldeyris- og innflutningshömlum, háum tollum og öðrum álögum á innflutta vöru. Jafnframt hefur meira og meira af útflutningnum beinzt til vöruskiptalandanna. Það á áreiðanlega við um Ísland eins og önnur lönd, að frumskilyrðið fyrir því að koma á jafnvægi út á við er að draga úr þenslunni innan lands, og einnig þarf að lækka verðlag til samræmis við það, sem er í öðrum löndum.

Því miður hefur þróunin verið mjög í öfuga átt að þessu leyti upp á síðkastið. Gífurleg þensla hefur verið í efnahagskerfinu síðustu tvö árin, sem á rót sína að rekja til varnarliðsframkvæmda og mjög mikillar innlendrar fjárfestingar. Eftirspurn innan lands hefur farið sívaxandi, og mjög alvarlegur vinnuaflsskortur hefur gert vart við sig í mörgum framleiðslugreinum. Er allt útlit fyrir, að nýrri kauphækkunaröldu verði hrundið af stað, áður en langt líður, ef ekki er gripið í taumana. Almenn verðhækkunaralda mundi hafa hinar hættulegustu afleiðingar og mundi auka á ný vantrú manna á gjaldmiðlinum. Er þegar að sjá alvarleg merki þess,

að sparifjársöfnun sé farin að minnka, en í nóvember lækkuðu spariinnlán í bönkum í fyrsta sinn í tvö ár og þá um fullar tólf millj. kr. Vegna hinna miklu duldu dollaratekna hefur þenslan í efnahagskerfinu enn ekki leitt til aukins gjaldeyrishalla, en varla getur liðið á löngu, áður en svo fer, ef ekki tekst að stöðva verðþensluskrúfuna.

Nauðsynlegt er, að sem fyrst sé gripið til ráðstafana, sem dregið gætu úr þenslunni, ekki aðeins til þess, að Íslendingar einangrist ekki sem eina haftaþjóðin í hinum lýðræðissinnaða heimi, heldur einnig í þeim tilgangi að vernda það, sem áunnizt hefur á undanförnum árum. Aðstæður eru nú að ýmsu leyti hagstæðar, gjaldeyristekjur miklar og næg atvinna, svo að aðgerðir til að draga úr þenslunni ættu ekki að þurfa að hafa neinar óheillaafleiðingar í för með sér. Meginorsakir vandræðanna eru fólgnar í peningaþenslunni og hinni gífurlegu fjárfestingu, sem nú á sér stað. Til þess að lækna þetta verður að draga úr útlánum bankanna með hærri vöxtum eða á annan hátt, en sérstaklega er nauðsynlegt að bæta aðstöðu ríkissjóðs og viðskiptabankanna gagnvart seðlabankanum, til þess að gera honum kleift að minnka seðlaveltuna og auka gjaldeyrisforðann.

Nú er óvenjumikill framkvæmdahugur í mönnum og stórkostlegar áætlanir um fjárfestingu á prjónunum. Eru margir þeirrar skoðunar, að góð afkoma ríkissjóðs og sveitarfélaga og aukning innlána réttlæti stórauknningu allra framkvæmda, en svo er vissulega ekki. Mikil hækkun ríkistekna getur verið merki um dulda verðbólgu, og þegar þannig er ástatt, er nauðsynlegt, að útgjöldum ríkissjóðs sé stillt mjög í hóf og rekstrarafgangur notaður til að draga úr peningaþenslunni.

Þótt fjárfesting og framkvæmdir séu ein meginundirstaða aukinnar hagsældar, verður að fara varlega, svo að þjóðinni verði ekki steypt út í verðbólgu enn á ný. Menn mega ekki gleyma því, að önnur markmið eru til, sem eru ekki síður mikilvæg fyrir afkomu þjóðarinnar: blómlegir atvinnuvegir, traustur gjaldmiðill og haftalaus viðskipti. Ef Íslendingar nota nokkurn hluta þess auðs, sem þeim hefur nú borizt í hendur, til þess að draga úr peningaþenslunni og auka gjaldeyrisforðann, skapa þeir sér hina traustustu undirstöðu frekari framfara, sem völ er á.

Loks er þess að minnast, að flestar lýðfrjálsar þjóðir stefna nú að því, að koma á frjálsum gjaldeyrisviðskiptum, og verður þess ef til vill ekki langt að bíða, að því marki verði náð. Hætt er við, að hver sú þjóð, sem þá dregst aftur úr og getur ekki staðizt samkeppni á hinum frjálsu mörkuðum, reyrist æ fastar í viðjar hafta og vöruskiptaverzlunar. Ef Íslendingar vilja forðast það hlutskipti, og njóta í stað þess þeirra gæða, er frjálsari viðskipti mundu færa þeim, verða þeir að gera það að höfuðmarkmiði fjármálastefnu sinnar á næstunni að draga úr þenslunni í efnahagskerfinu og skapa sér traustan og heilbrigðan gjaldmiðil.

J. N.

Per Jacobsson:

Tveir fyrirlestrar um gjaldeyris- og peningamál

1. Jafnvægi í peningamálum og bankakerfið.

2. Vandamál í sambandi við afturhvarf til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar.

Inngangur.

Fyrirlestra þá, sem hér eru birtir, flutti dr Per Jacobsson í háskólanum 7 .og 8. september síðastliðinn. Vöktu þeir mikla athygli og umræður manna á meðal og í blöðum. Dr. Per Jacobsson, sem kom hingað til lands á vegum Landsbanka Íslands og Háskóla Íslands, er einn af frægustu fjármálasérfræðingum, sem nú eru uppi í heiminum. Hann er Svíi, en hefur starfað erlendis um meira en þrjátíu ár. Um skeið var hann í þjónustu Þjóðabandalagsins, en síðustu tvo áratugina hefur hann verið efnahagsráðunautur Alþjóðagreiðslubankans, sem hefur aðsetur í Basel í Sviss. Hefur dr. Jacobsson verið mjög áhrifamikill í fjármálum Evrópu og verið ráðgjafi ríkisstjórna margra landa, enda er hann þaulkunnugur orðinn í flestum löndum í Vestur-Evrópu. Fyrir stríðið vann hann lengi í nefnd, er endurskoðaði bankalöggjöf Írlands, og árið 1950 var hann annar tveggja sérfræðinga, sem fengnir voru til að leggja á ráðin um fjárhagslega endurreisn Þýzkalands. Sú stefna, sem þá var upp tekin, hefur átt drýgstan þátt í hinum miklu framförum, sem átt hafa sér stað þar í landi síðan. Undir ritstjórn hans hafa ársskýrslur Alþjóðagreiðslubankans orðið kunnar um allan heim sem heimildarrit um fjármálaþróun Evrópu og vegna skoðana þeirra, sem þar eru fram settar.

Dr. Per Jacobsson er fjörmaður mikill og baráttumaður, og síðan heimsstyrjöldinni lauk, hefur hann barizt af eldlegum áhuga fyrir því, að þjóðir heimsins hyrfu frá höftum og verðbólgu og sneru aftur á braut frjálsrar verzlunar og gjaldeyrisviðskipta. Er óhætt að segja, að hann hefur átt drjúgan þátt í þeirri hugarfarsbreytingu, sem átt hefur sér stað í því efni undanfarin þrjú ár víða um heim.

Fyrri fyrirlestur:

Jafnvægi í peningamálum og bankakerfið.

Hvers vegna er æskilegt, að verðgildi peninganna sé stöðugt? — Hvað ræður verðgildi peninganna? — Gullpeningar og pappírsseðlar — Peningaþensla og rikisfjármál — Áhrif vaxtabreytingar — Framfarir og varkárni í peningamálum — Trúin á peningana og hlutverk þjóðbanka — Fyrirspurnir og svör.

Með hugtakinu jafnvægi í peningamálum er átt við, að hvorki sé um verðþenslu né verðhjöðnun að ræða.

Ef litið er aftur til tímabilsins milli heimsstyrjaldanna tveggja, sést, að síðara hluta árs 1920 tók vöruverð að lækka, og eftir 1930 féll það gífurlega, en það hafði í för með sér ægilegt atvinnuleysi og tjón fyrir viðskipti og atvinnulíf. Það var því ekki að furða, þótt menn hafi heitið því að koma í veg fyrir, að svo geigvænleg kreppa endurtæki sig nokkru sinni.

Svo skall yfir önnur styrjöldin, og eins og oft vill verða, var fjár til hennar aflað meðal annars með peningaþenslu. Almenningur flestra landa mundi líklega viðurkenna, að nokkur verðbólga sé óhjákvæmileg, á meðan þörf er á fé til að greiða þung útgjöld, sem styrjöld hefur í för með sér, og óhjákvæmilegan kostnað af endurreisninni að henni lokinni. En þegar friður er kominn á og venjulegar fjáröflunarleiðir opnast á ný, sættir alþýða manna sig ekki lengur við verðbólgu. Ef óvenjulega erfiðleika ber að höndum, svo að margar þjóðir neyðast til að fella gengi sitt samtímis, kann að vera, að menn líti á það með umburðarlyndi. Haldi þjóðfélagið hins vegar áfram á braut peningaþenslu, eftir að flestir aðrir hafa náð efnahagslegu jafnvægi, má búast við, að almenningur bregðist illa við.

Ég mun ekki ræða í dag, hvert sé hið rétta gengi gjaldmiðils, — það mun ég meðal annars taka til meðferðar í fyrirlestri mínum á morgun, — en í þess stað ætla ég að fjalla um jafnvægi *innan lands*, en það er í raun og veru höfuðvandamálið.

Hvers vegna er æskilegt, að verðgildi peninganna sé stöðugt?

Við finnum á okkur, að jafnvægi í peningamálum er æskilegt, þar sem peningar eru mælikvarði á verðmæti, og þeir ættu — eins og aðrir mælikvarðar — að halda sama kaupmætti eða verðgildi frá einu tímabili til annars. Samt sem áður er ekki úr vegi að geta nokkurra sérstakra ástæðna, sem gera það æskilegt, að *verð gjaldmiðils sé stöðugt:*

1) Stöðugt peningagildi hefur ekki aðeins efnahagslega heldur einnig félagslega og menningarlega þýðingu. Þess er vert að minnast, að í fornöld hafði Aþenuborg öldum saman traustasta gjaldmiðilinn við Miðjarðarhaf, — einnig, að Flórens og Feneyjar höfðu á endurreisnartímabilinu mjög stöðuga mynt, — flórínur eru, eins og þér vitið, frægar enn í dag; að Holland og England hafa venjulega haft sérstaklega traustan gjaldmiðil; og Frakkland hafði líka sterka mynt á 18. öld

fram að frönsku byltingunni og aftur á 19. öld. Til þess að bókmenntir og listir blómgist, virðist jafnvægi og öryggi í lífi almennings vera nauðsynlegt, en slíkt er ósamræmanlegt síendurtekinni verðbólgu og verðsveiflum.

2) Reynslan hefur þar að auki sýnt, að í löndum, þar sem lagt hefur verið mest kapp á að halda verðgildi gjaldmiðilsins stöðugu, t. d. í Sviss, Hollandi og Belgíu, hefur sparnaður innan lands verið nægur til að tryggja það fé, sem nauðsynlegt er til þess að halda uppi mikilli fjárfestingu, og hefur þessum þjóðum þannig tekizt að öðlast mikla almenna velmegun. Það er þó eftirtektarvert, að ekkert þessara landa er sérstaklega auðugt að náttúruauðlindum. Óhugsandi er, að nokkur skynsamur maður álíti, að þær þjóðir, sem þessi lönd byggja, hefðu náð svo langt á sviði efnahagsþróunar og velmegunar sem raun ber vitni, ef þær hefðu ekki haft alla gát á gjaldmiðli sínum.

Þér munuð hafa tekið eftir, að ég ber ekki á borð fyrir yður fjölda flókinna fræðilegra röksemda, en reyni í þess stað að vitna í nokkur dæmi reynslunnar, — sérstaklega reynslu síðari ára, — frá löndum, sem við öll þekkjum til.

Hvað ræður verðgildi peninganna?

En hvernig eigum við að fara að því að tryggja jafnvægi gjaldmiðilsins? Og þá kemur fyrst spurningin: Hvað ákveður verðgildi peninganna?

Við höfum öll heyrt um *lögmál framboðs og eftirspurnar*. Ef framboð á fiski vex, en engin aukning verður á eftirspurninni, hlýtur verð á fiski að falla. Hið sama á við um hveiti, kol og allar vörutegundir, sem við þekkjum. Þetta á líka við um peninga. Ef meira magn en áður er gefið út af þeim, en vöruframboðið er hið sama, þá er reglan sú, að verðgildi peninganna minnkar.

Þetta kalla hagfræðingar „peningamagnskenninguna", það er að segja kenninguna um það, að verðgildi peninganna sé undir framboði þeirra komið. Það væri mjög einkennilegt, ef svo væri ekki, því að lögmálið um framboð og eftirspurn á við allt annað, sem við þekkjum.

Satt að segja er verðgildi peninga jafnvel í rikara mæli komið undir „sjaldgæfni" þeirra en verðmæti venjulegra vörutegunda. Adam Smith, faðir hagfræðinnar, segir í hinni frægu bók sinni, The Wealth of Nations, sem gefin var út 1776, að verðmæti vöru sé komið undir tvennu: „nytsemd" hennar og „sjaldgæfni". Segja má, að gull- og silfurpeningar hafi, á meðan þeir voru mest notaðir sem gjaldmiðill, einnig verið gagnlegir til annarra hluta, þar sem gull og silfur var notað nokkuð í daglegu lífi. En nú á dögum fara flestar greiðslur fram í bankaseðlum, og ef þessir seðlar hættu að vera sjaldgæfir og yrðu í stað þess yfirfljótandi — eins og í Þýzkalandi og sumum öðrum löndum eftir fyrri heimsstyrjöld og í Ungverjalandi eftir hina síðari —, mundu þeir missa allt gildi sitt og verða algerlega gagnslausir og jafnvel ekki nothæfir sem veggfóður, því að eftir því sem mér er tjáð, er mjög erfitt að líma seðla vel á vegg.

Hagfræðingar segja okkur, að breytingar á umferðarhraða peninga hafi áhrif á verðgildi þeirra. Þetta er rétt, en breytingar á umferðarhraða virðast ekki skipta miklu máli á venjulegum tímum. Í raun og veru eru venjur fólks um notkun peninga mjög fastar. Það hefur til dæmis komið í ljós, að hlutfallið milli seðlaveltu og þjóðartekna helzt furðulega stöðugt á löngum tímabilum

í einstökum löndum. Þetta er staðreynd, sem sjálfur Keynes hefur dregið athygli að mörgum sinnum í bókum sínum.

Gullpeningar og pappírsseðlar.

Þegar peningar voru gerðir af gulli og silfri, var nauðsynlegt fyrir þá, sem slógu nýja peninga, að eiga þessa málma, en það kom í veg fyrir, að of miklir peningar væru gefnir út. Stjórnarvöldin gátu auðvitað „rýrt" eða falsað peningana, en jafnvel þótt svo væri, urðu þau að eiga eitthvað af þessum málmum til þess að geta slegið mynt sína.

En slegin mynt reyndist þung í vöfum, sérstaklega þegar greiða þurfti miklar fjárhæðir til útlanda, og kaupmenn byrjuðu þess vegna að nota í stað þeirra ávisanir hver á annan eða á banka, og út frá því þróuðust *peningaseðlar og tékkar*, en með þeim eru nú flestar greiðslur gerðar. Uppfinning seðla, eins og aðrar mannlegar uppfinningar, fól í sér möguleika bæði til góðs og ills. Allt of auðvelt hefur reynzt að prenta seðla, og ríkisstjórnir í fjárkröggum byrjuðu snemma á því að misnota vald sitt til að gefa út nýja seðla (í Svíþjóð gerðist þetta t. d. þegar milli 1660 og 1670 og í Frakklandi kringum 1720). Englendingar og Hollendingar voru varkárari. Englandsbanki hélt sér við innlausnarregluna, það er að segja, að alltaf væri hægt að fá gull og silfur í skiptum fyrir seðla hans; og enskir og skozkir bankar áttu venjulega næga varasjóði í lausafé, en allt þetta stuðlaði að því, að pundið varð brátt höfuðgjaldmiðill veraldar.

Það hljóta að vera ýmsir staddir hér, sem muna *heiminn fyrir 1914*, þegar heita mátti, að gullgengi væri í öllum löndum, — þegar frjálst var að kaupa að heita mátti allan erlendan gjaldeyri, hvar sem var, og þegar vöruverð hafði haldizt stöðugt að kalla i nærri því heila öld. Þetta var gott kerfi, en það verður að viðurkenna, að það hafði heppnina með sér, þar sem mikilvægt skilyrði fyrir því, að það gæti starfað, var, að árleg gullframleiðsla væri nægileg til þess að auka peningamagnið eins og þörf krafði, en þó ekki svo mikið, að hætta væri á verðbólgu. En það byggðist samt ekki á heppninni einni saman. Bretland var miðdepill gullfótarkerfisins, og Bretland hafði ekki aðeins frjálsa verzlun, heldur hafði það upp á peningamarkaðinn í London að bjóða, sem veitti verzlunarlán bæði utan lands og innan, er oft kom sér vel, ekki sízt á krepputímum.

Því er oft haldið fram, að gullfótarkerfið hafi verið sjálfvirkt, en því betur sem aðstæðurnar fyrir 1914 eru athugaðar, því betur sést, að svo var ekki, heldur byggðist starfsemi þess á mjög gagnlegum reglum, sem skapazt höfðu með tímanum. En reglur þessar höfðu ekki orðið til af sjálfu sér, heldur voru þær ávöxtur nákvæmrar athugunar á erfiðleikum, sem ýmis lönd höfðu átt við að stríða, sérstaklega þeim, sem England átti í á árunum 1870—1875. Sú staðreynd, að nokkrar fremur einfaldar reglur höfðu almennt verið viðurkenndar, var í rauninni mikill kostur. Ég óska þess oft, að við hefðum svipaðar reglur til að leiðbeina okkur nú á dögum, sérstaklega vegna hinnar miklu óvissu, sem hefur einkennt tilraunir þær, er gerðar hafa verið til að endurbyggja fjármálakerfið eftir síðari heimsstyrjöldina.

Maður má samt ekki taka of djúpt í árinni, því að peningakerfið fyrir 1914 hafði ýmsa sorglega annmarka, eins og hið langa verðlækkunartímabil eftir 1875 og kreppan mikla 1907 sýna. En þá voru óþekkt tímabil ofsalegrar verðbólgu eða verðhruns eins og þau, sem

við höfum gengið í gegnum á síðustu fjörutíu árum, og þá ríkti ekki sú óvissutilfinning, sem við höfum aldrei getað hrist af okkur til fulls, síðan fyrri heimsstyrjöldin skall á.

Peningaþensla og ríkisfjármál.

Þegar við snúum okkur að *núverandi ástandi,* verðum við að taka það með í reikninginn, að höfuðgjaldmiðillinn er bankaseðlar og innlög í bönkum, sem ávísað er á með tékkum, og framboðið á þessum gjaldmiðli er undir því komið, hvað bankarnir skapa af honum, þ. e. *þjóðbankarnir,* sem gefa út seðla, og *viðskiptabankarnir.* Hér á Íslandi er aðgreining þessara tveggja bankategunda ekki eins greinileg og víðast annars staðar, en það er enginn meginmunur þeirra vandamála, sem við er að eiga.

Starfsemi bankakerfisins hefur langmest áhrif um ákvörðun á verðgildi peninganna, og er þess vegna nauðsynlegt að athuga áhrif bankanna á framboð gjaldmiðils og vandamál í því sambandi.

Hvernig er unnt að tryggja í fyrsta lagi, að þeir gefi ekki út of mikla peninga, og í öðru lagi, að þeir sjái þó um að gefa út nóg? Stundum er aðalhættan verðhjöðnun, en slík tímabil eru fá. Nú á tímum er höfuðáhyggjuefnið í flestum löndum vissulega hitt, að of mikið af peningum er gefið út og að vöruverð heldur áfram að hækka vegna áhrifa frá fjáröflun með peningaþenslu.

Á stríðsárunum voru ríkisútgjöld gífurlega há, og höfðu þau í för með sér peningaþenslu, þar sem ríkisstjórnir fengu lánað meira hjá bönkunum en nam því sparifé, sem bankarnir höfðu fengið frá almenningi.

Í nokkrum löndum eru ríkisútgjöld því miður enn svo há, að um of miklar lántökur frá bönkum er að ræða og þess vegna hætta á verðþenslu. Þar sem þetta hefur gerzt, hafa ríkisstjórnir ýmist ráðizt í eða stuðlað að fjárfestingu, sem er of mikil í hlutfalli við framboð á nýju sparifé og erlendri aðstoð. Það lítur til dæmis út fyrir, að í Danmörku hafi stjórnin nýlega fengið allmikið að láni hjá bönkunum, sérstaklega þegar litið er á reikningsskuld hennar í þjóðbankanum. Nokkur hluti hins nýja peningamagns, sem þannig hefur skapazt, hefur orðið til að auka kaupmáttinn, þar sem það hefur verið notað til húsbygginga. Eftirspurn eftir vörum og þjónustu hefur því aukizt, innflutningur vaxið og halli orðið á greiðsluviðskiptum við útlönd. Þegar fjárfesting þjóðar er aukin fram yfir það, sem sparnaður leyfir, krefst það aukinna raunverulegra verðmæta. Slík verðmæti falla ekki af himnum ofan, heldur eru þau oft fengin með því, að gjaldeyrisforða þjóðarinnar er sóað, en þá aðferð er ekki unnt að nota til lengdar.

Í Danmörku reyndu yfirvöldin fyrst að sigrast á vandræðunum með því að hækka forvexti og draga lítils háttar úr útgjöldum ríkisins, en þetta nægði ekki til að koma á jöfnuði. Nýjustu tillögurnar ganga í þá átt að draga úr almennum útgjöldum og fjárfestingu og að auka nokkra skatta allmikið. Það er athyglisvert, að hvað sem öðru líður, reyna Danir *ekki* að leysa vandamálin með auknum höftum, — t. d. með því að herða á innflutningshömlum. Í þess stað leitast þeir við að nema burt hina raunverulegu orsök jafnvægisleysisins með því að draga úr útgjöldum til neyzlu og fjárfestingar, og að svo miklu leyti sem það nægir ekki til að koma á jöfnuði, á að auka tekjur ríkissjóðs. Aukin bein höft lækna ekki hið raunverulega mein, heldur lina þau aðeins áhrif þess. Þeim þjóðum, sem höggvið hafa beint að rótum vandans og skorið niður útgjöldin,

hefur tekizt bezt að rétta við efnahag sinn.

Þegar íhugað er núverandi ástand í ýmsum löndum Evrópu, verður ljóst, að það, hvort greiðslujöfnuðurinn er hagstæður eða ekki, er einna mest undir ástandinu í ríkisfjármálum komið. Þýzkaland og Holland hafa haft mikinn tekjuafgang á ríkisreikningi, sem hefur endurspeglazt sem hagstæður greiðslujöfnuður og gert þeim kleift að auka gjaldeyrisforða sinn. Það er mikilvægt að leggja áherzlu á áhrif opinberra útgjalda á greiðslujöfnuðinn, því að það væri alvarlegur misskilningur að ætla, að aðgerðir í peningamálum einum saman (hækkun vaxta o. s. frv.) nægi til að koma á jafnvægi. Þáttur ríkisins í þjóðarbúskapnum er svo mikill nú á dögum, að óreiða í fjármálum þess hefur yfirgnæfandi áhrif. Þar að auki er ekki unnt að hafa áhrif á fjármál ríkisvaldsins með venjulegum vopnum lánsstofnana, eins og unnt er á fjármál einkaaðila.

Áhrif vaxtabreytinga.

Þegar lántökur einkaaðila hjá bönkum verða of miklar, eins og almennt varð raunin eftir upphaf Kóreustyrjaldarinnar sumarið 1950, hefur það verið venja, að þjóðbankar hækki forvexti sína til þess að létta byrðunum af bankakerfinu. Stundum hittir maður fólk, sem virðist halda, að bankar séu óþrjótandi uppsprettur lánsfjár, eða með öðrum orðum, að þeir ættu alltaf að geta lánað eins mikið og um er beðið. En þetta er vissulega alrangt. Við því er almennt ekki að búast, að bankar geti lánað meira en nemur því sparifé, sem þeim er trúað fyrir af almenningi.

Á hinu mikla verðþenslutímabili, sem hófst eftir upphaf Kóreustyrjaldarinnar, hækkuðu margir þjóðbankar Evrópu *forvexti* sína, þar á meðal þjóðbankar Belgíu, Hollands, Danmerkur og Vestur-Þýzkalands. Er óhætt að segja, að árangurinn hefur verið mjög góður í öllum þessum löndum, þar sem gjaldeyrishalli þeirra læknaðist brátt og gjaldeyrisforðinn fór nokkru síðar að aukast á ný.

Það er ekki erfitt að skýra, hvernig þetta gerðist. Þegar innflutningur er meiri en útflutningur, verða innflytjendur yfirleitt að kaupa þann erlenda gjaldeyri, sem á vantar, frá þjóðbankanum og greiða hann með innlendum gjaldmiðli. Þetta dregur úr því peningamagni, sem í umferð er. Og takist þjóðbankanum að koma í veg fyrir, að nýir peningar séu gefnir út í staðinn, — en hærri vextir geta orðið þar til hjálpar, — þá verður niðurstaðan sú, að seðlamagn í umferð *minnkar*. En við höfum áður séð, að *ef framboð á peningum dregst saman, eru líkindi til þess, að verðgildi þeirra aukist*. Þegar þrengist á peningamarkaðinum, getur það orðið til þess, að kaupmenn, sem þurfa á fé að halda, verði að selja hluta af vörubirgðum sínum, og á þann hátt eykst vöruframboðið. Afleiðingin verður þá lækkað vöruverð, en það er ekkert, sem hvetur kaupmenn fremur til að draga úr innflutningi sínum en lækkun innlends vöruverðs.

Ég hitti stundum fólk, sem segir mér, að *vaxtabreytingar* hafi lítil eða engin áhrif á efnahagsmál almennings. Svar mitt við þessu er það, að ég hef nokkrum sinnum getað séð sjálfur, hve áhrifamikil vaxtabreyting getur verið; og ég held áfram og bendi á, að yfirvöldin í Bretlandi, Belgíu, Hollandi og Vestur-Þýzkalandi — og einnig í Bandaríkjunum — hafa á síðustu árum náð mjög góðum árangri með vaxtabreytingum. Það er mjög ólíklegt, að hinir færu menn, sem stjórna fjármálum þessara áhrifamiklu þjóða, hefðu beitt hreyfanlegum vöxtum, ef þeir hefðu verið sann-

færðir um, að vaxtabreyting hefði engin gagnleg áhrif. Mín eigin þjóð, Svíar, hefur, eins og þér ef til vill vitið, haldið áfram að reyna að halda vöxtunum eins lágum og unnt er. Þrátt fyrir þá staðreynd, að Svíþjóð er ef til vill ríkasta landið í Evrópu, ef mælt er í náttúruauðæfum miðað við mannfjölda, þykir mér leitt að þurfa að segja, að hvað eftir annað hefur hún lent í mjög erfiðum gjaldeyrishalla við útlönd. Hins vegar hefur Sviss ekki átt við neina gjaldeyrisörðugleika að stríða, enda þótt auðlindir þess séu á engan hátt sambærilegar við auðlindir Svíþjóðar. Það er sannfæring mín, að hreyfanleg vaxtastefna í föðurlandi mínu hefði komið i veg fyrir þau vandræði, sem það hefur komizt í. Þegar litið er á náttúruauðlindir, ætti Svíþjóð í raun og veru að hafa sterkasta gjaldmiðilinn í Evrópu.

Framfarir og varkárni í peningamálum.

En hafa þá ekki lönd eins og Belgía og Sviss öðlazt peningalegt jafnvægi á kostnað efnahagslegra framfara? Ég hef heyrt því fleygt oftar en einu sinni, að bæði Sviss og Belgía hafi tafið efnahagslega þróun sína með hinni varkáru stefnu í peningamálum.

Sannleikurinn er sá, að talnasamanburður hefur sýnt, að Belgía hefur hærri hundraðshluta atvinnulausra manna en flest önnur lönd í Evrópu. En það er vitað mál, þegar gera á samanburð milli landa, að tölur um atvinnuleysi eru einna erfiðastar viðfangs. Að því er Belgíu varðar, hefur verið á það bent, að í tölum þaðan um atvinnumál eru nokkrir flokkar manna taldir meðal atvinnulausra verkamanna, sem mundu ekki vera taldir í þeim hópi í öðrum löndum.

Í öðru lagi er það athyglisvert, að belgískir sósíaldemókratar hafa verið þátttakendur í ríkisstjórninni lengst af eftir styrjöldina, og nú eru þeir sterkasti aðilinn í samsteypustjórn. Þessir belgísku sósíaldemókratar hafa ætíð stutt hina íhaldssömu stefnu í peningamálum, sem fylgt hefur verið, þar sem þeir hafa með réttu talið, að verðþensla mundi skaða belgíska verkamenn, en þeim hefur tekizt síðan í stríðslok að auka raunverulegar tekjur sínar allverulega, miðað við árin fyrir styrjöldina.

En hvað er þá að segja um *efnahagslegar framfarir* í Belgíu og Sviss?

Í september á síðastliðnu ári sótti ég fund í Salzburg, sem austurríska vinnumálastofnunin stóð fyrir, og þar heyrði ég danskan landbúnaðarsérfræðing segja öllum til undrunar, að meðalmjólkurframleiðsla á kú væri hærri í Belgíu en í nokkru öðru landi í Evrópu. Þetta studdist við tölur fyrir árið 1952. Ég hef athugað tölur fyrir 1953, og á því ári er meðalmjólkurframleiðsla á kú í Belgíu um það bil hin sama og í Danmörku og Hollandi, en það er sannarlega merkilegt afrek, þegar þess er gætt, að Belgía er frekar iðnaðarland en landbúnaðarland.

Um fjárfestingu í byggingum og þess háttar er það að segja, að yfirleitt er erfitt að finna fullkomlega sambærilegar tölur. Einn öruggasta mælikvarðann er að fá í tölum um notkun sements á íbúa í hinum ýmsu löndum. Ég hef hér tölur fyrir 1953. Þau þrjú lönd, þar sem sementsnotkun á hvern íbúa er hæst, eru Bandaríkin með 281 kg á mann, Belgía og Lúxembúrg með 309 kg og Sviss með 327. Belgía og Sviss eru því hæst og komu ekki aðeins á undan Bandaríkjunum, heldur einnig alllangt á undan Vestur-Þýzkalandi með 275 kg og Svíþjóð með 272 kg á mann.

Belgía og Sviss mundu ekki hafa getað haldið uppi svo mikilli fjárfestingu,

ef þau hefðu ekki átt yfir að ráða miklu framboði á raunverulegum sparnaði, er hefur verið undirstaða hinnar miklu fjárfestingar. Nú, þegar fjárhagsaðstoðinni frá Bandaríkjunum er nær lokið, verður hver þjóð að treysta nær eingöngu á innlendan sparnað.

Sumir menn hafa talið unnt að afla aukinna verðmæta til framkvæmda á friðartímum með peningaþenslu, þar sem í síðustu styrjöld tókst á þann hátt að afla fjár til hernaðarþarfa. En menn verða að minnast þess í fyrsta lagi, að styrjaldarfjáröflunin hafði bein verðbólguáhrif og hafði í för með sér verðhækkun, svo að jafnvel í Bandaríkjunum tvöfaldaðist verðlagið á stríðsárunum. Menn sættu sig við þetta ástand vegna þess, að hinar gifurlegu hættur styrjaldarinnar stuðluðu að því, að menn héldu áfram að spara, enda var yfirleitt ekki mikið til í búðum, sem hægt var að kaupa. Og verkamenn voru ánægðir, enda þótt vinnulaun þeirra hækkuðu aðeins smám saman. En mundu þeir sýna sömu sjálfsafneitun á friðartímum? Peningaþensla skapar ekki neinn „þvingaðan sparnað", ef kaupgjaldið er hækkað jafnört og verðlagið, eins og verður, þar sem kaupgjaldið er bundið við vísitölu, því að þá fylgir henni þegar hækkun framleiðslukostnaðar og verðlags og einnig aukin eyðsla. Sú hugsun gæti þá fljótt hvarflað að fólki, að það borgi sig ekki að spara í formi peninga. Og ef svo fer, verður ekki aðeins hinn „þvingaði sparnaður", sem peningaþenslan hefur í för með sér, að engu, heldur leggst einnig öll venjuleg sparifjáröflun í þjóðfélaginu niður. Þegar svo er komið, er ástandið orðið mjög alvarlegt og ekki um nema einn kost að velja, en það er að stöðva peningaþensluna. Og þar að auki þarf að gera almenningi það ljóst með þeim aðgerðum, sem gripið er til, að tekin hafi verið upp betri stefna í peningamálum.

Trúin á peningana og hlutverk þjóðbanka.

Það er óliklegt, að hinn almenni borgari spari nokkuð að ráði, ef hann hefur ekki *trú á gjaldmiðlinum,* og það er þess vegna mjög mikilvægt fyrir hvert land að tryggja jafnvægi í peningamálum. Hér komum við að *hlutverki bankanna* á þessu sviði, *einkum seðlabankans.* Seðlabankinn verður að sjálfsögðu að hafa samvinnu við rikisstjórnina og aðstoða hana í því að framkvæma stefnu hennar í efnahags- og fjármálum. En æðsta boðorð bankans er að varðveita heilbrigði gjaldmiðils þjóðarinnar, og hann má aðeins framkvæma aðgerðir, sem eru samrýmanlegar öryggi gjaldmiðilsins. Ríkisstjórnir eru venjulega í fjárkröggum, og ef þeim er frjálst að taka lán hjá þjóðbankanum, er líklegt, að of mikið verði gefið út af peningum. En eins og við vitum, er hætt við, að of mikil peningavelta rýri verðgildi peninganna, og sérstaklega, að hún leiði til þess, að gjaldeyrisforðinn verði étinn upp.

Það lítur út fyrir, að góð lausn á því vandamáli, hver afstaðan skuli vera milli ríkisstjórnarinnar og seðlabankans, hafi verið fundin í Vestur-Þýzkalandi í lögum Bank Deutscher Länder (þýzka þjóðbankans). Þar er svo fyrir mælt, að bankinn skuli hafa samvinnu við rikisstjórnina „im Rahmen ihrer Aufgaben", þ. e. innan takmarka hlutverks síns. En þetta er túlkað þannig: „að svo miklu leyti sem slík samvinna er samrýmanleg því að viðhalda stöðugu verðgildi gjaldmiðilsins". Hlutverk bankans á sem sagt að vera að vaka yfir öryggi gjaldmiðilsins. Það er sérstaklega at-

hyglisvert, að það er bankinn, sem verður að ákveða, hvort stuðningur hans við aðgerðir þær, sem á döfinni eru á hverjum tíma, er samrýmanlegur höfuðmarkmiði hans.

Hin sveigjanlega stefna í peningamálum, sem Bank Deutscher Länder hefur fylgt, síðan hann var stofnaður 1948, hefur verið mjög árangursrík, en þess má geta, að hún hefur verið skýrð rækilega fyrir þjóðinni í mánaðar- og ársskýrslum bankans. Sem betur fer, er hægt að staðfesta það, að meginhluti þýzku þjóðarinnar er ánægður með bankann og vill, að hann haldi mjög verulegu sjálfsforræði. Í bankaráðinu eru allmargir sósíaldemókratar, og er óhætt að segja, að þeir hafa veitt þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, fullan stuðning.

Á meginlandi Evrópu er ekki, eins og nú standa sakir, mikill ágreiningur um það, hver höfuðstefnan í peningamálum skuli vera, og hefur því ekki verið um miklar breytingar að ræða í þessum efnum þrátt fyrir ýmis stjórnarskipti upp á síðkastið. Fólk hefur séð, að varkár stefna í peningamálum hefur reynzt árangursrík í Þýzkalandi og nokkrum öðrum löndum, og alþýða manna hefur veitt þeim aðgerðum, sem yfirvöldin hafa beitt, vaxandi stuðning.

Að sjálfsögðu þykir almenningi gott að geta treyst í peningamálum stofnunum þeim, sem ábyrgð bera á gjaldmiðlinum; og það er þess vegna lítill vafi, að hann vill, að stefnan í peningamálum sé óháð hinum venjulegu stjórnmálaerjum. Það virðist einnig vera stjórnmálamönnum í hag, að það séu þjóðbankarnir, en ekki þeir sjálfir, sem ráða í peningamálum. Efnahagserfiðleika hlýtur að bera að höndum við og við, og þegar svo er, ber oft brýna nauðsyn til að gera óvinsælar ráðstafanir. Er það ekki betra bæði fyrir stjórnmálamenn og almenning, að stofnanir þær, sem ábyrgð bera á slíkum aðgerðum, séu hæfilega sjálfstæðar? Við megum ekki gleyma því, hve mikilvægt heilbrigði gjaldmiðilsins er fyrir hagsæld þjóðar: Gott og framsækið þjóðfélag verður ekki byggt upp án trausts gjaldmiðils.

Fyrirspurnir og svör.

Eftir fyrirlesturinn bauðst dr. Jacobsson til að svara fyrirspurnum áheyrenda. Í umræðum þeim, sem þá fóru fram, talaði fyrst dr. Jóhannes Nordal og sagði að viðurkenna mætti, að hækkun vaxta mundi stuðla að því að koma á jafnvægi á verðþenslutímum, sérstaklega þegar um halla á gjaldeyrisverzluninni væri að ræða. En er hið gagnstæða rétt? Mundi lækkun vaxta ná þeim tilgangi að auka atvinnu á krepputímum?

Dr. Jacobsson svaraði, að oft væri sagt, að lækkun vaxta hefði engin áhrif, ef viðskiptaástand væri slæmt, og grípa þyrfti þá til annarra ráðstafana. Enskt máltæki segir, að það sé að vísu hægt að teyma hest að læknum, en hann verði ekki neyddur til að drekka. Dr. Jacobsson kvaðst vera þeirrar skoðunar, að þetta væri einkennilegt orðatiltæki, því að á barnsaldri hefði hann teymt margan hestinn að vatni, en hann minntist þess ekki, að nokkru sinni hefði komið fyrir, að þeir drykkju ekki af beztu lyst. Ef hestur neitaði að drekka, væru öll líkindi til þess, að hann þjáðist af einhverjum alvarlegum sjúkdómi og þyrfti á lækningu að halda.

Hið sama kvað hann eiga við um efnahagslífið. Lækkun vaxta gæti verið gagnleg og jafnvel ómetanleg ráðstöfun á krepputímum, þar sem líkur væru til þess, að ekki væri unnt að auka efnahagsstarfsemi og ná jafnvægi, án þess að vextir væru alllágir. Vert væri að minnast þess, að það var ekki lækkun pundsins í september 1931, sem kom af stað aukinni efnahagsstarfsemi, heldur fór ástandið í Bretlandi ekki verulega að batna, fyrr en eftir að vextir styrjaldarlánsins höfðu verið lækkaðir úr 5% í 3½% í júní 1932. *Ein* af ástæðunum fyrir því, hve langt leið, áður en viðskiptalífið í Bandaríkjunum fór að ná sér aftur, var sú, hve lengi dróst að lækka vexti af löngum lánum þar í landi.

En vera má, að jafnvægisleysi í þjóðarbú-

skapnum stafi af öðru en of dýrum lánum. Gengi gjaldmiðilsins kann að vera of hátt og kostnaður og verðlag þess vegna of hátt í hlutfalli við það, sem er í öðrum löndum. Lækkun vaxta getur ekki læknað slikt jafnvægisleysi. Lika getur verið um annars konar misræmi milli kostnaðar og verðlags að ræða, — bæði í landbúnaði og iðnaði, — sem er algerlega ótengt því, hver lánskjörin eru.

Jafnvel þótt svo sé, geta lágir vextir stundum orðið til góðs, þegar svo stendur á, en við því er ekki að búast, að þeir séu fullkomin lækning. Rétt stefna í peningamálum er ekki almáttug. Það er alltaf nauðsynlegt að kanna vandamálin til botns og beita þeim ráðum, sem við eiga hverju sinni. Satt að segja á hið sama við á verðþenslutímum. Ef um snarpa verðbólgu er að ræða vegna of mikilla beinna lánveitinga frá bönkunum til ríkisins, mundu jafnvel ekki mjög háir vextir geta komið á jafnvægi.

Prófessor Ólafur Björnsson kvað það hafa vakið sérstaka athygli sina, hverja afstöðu dr. Jacobsson hefði tekið til þess, hvers vænta megi af beinum höftum. Eins og menn vissu, væri því venjulega haldið fram, að um tvo kosti væri að velja, þegar greiðsluhalli yrði: annaðhvort fjármálalegar aðgerðir (hærri vexti, lægri rikisútgjöld o. s. frv.) eða bein höft (innflutningstakmarkanir og skömmtun á erlendum gjaldeyri). En nú segði dr. Jacobsson, að ekki sé um neitt slíkt val að ræða, þar sem bein höft mundu ekki nægja til að ná greiðslujöfnuði. Sagðist prófessor Ólafur vera þessu sammála, en bað þó ræðumann að útskýra nánar, við hvað hann ætti.

Dr. Jacobsson svaraði, að það væri einmitt þetta, sem hann hefði átt við. Eftir styrjöldina hefðu nálega öll lönd í Evrópu lagt hömlur á greiðslur og utanríkisverzlun, en það hefði ekki orðið til þess að koma í veg fyrir mikinn greiðsluhalla. Allar staðreyndir mæltu móti þeirri kenningu, sem dr. Thomas Balogh hefði sérstaklega haldið fram: að óhætt væri að auka peningaframboðið innan lands til þess að tryggja næga atvinnu, því að hægt væri að beita innflutnings- og gjaldeyrishöftum til þess að inniloka hið of mikla peningamagn og forðast þannig greiðsluhalla. Eins og hann hefði minnzt á í fyrirlestri sinum, hefðu menn á styrjaldarárunum „sparað" hina auknu peninga, sem þeir fengu i hendurnar, þar sem litið fékkst af vörum á þeim timum. En síðan styrjöldinni lauk, hefðu menn eytt öllu því fé, sem þeir hefðu fengið til viðbótar. En ef hin nýja kaupgeta færi til að kaupa innlenda framleiðsluvöru, vegna þess að innflutningur væri takmarkaður, hefði það haft þau áhrif að draga úr því vörumagni, sem til væri til útflutnings. Dr. Jacobsson sagðist geta viðurkennt, að nokkrir erfiðleikar væru á því að beita slíkri röksemdafærslu, þegar í hlut ætti land, sem hefði aðeins eina útflutningsvöru, því að segja mætti, að innlend eftirspurn hefði litil eða engin áhrif á það, hve mikið væri til útflutnings af fiski frá Íslandi. En jafnvel hér væri til langframa um óhagstæð áhrif að ræða: Ef mikil eftirspurn væri innan lands, mundi fjárfestingin beinast í húsabyggingar og þess háttar, og af því mundi leiða, að mikið væri flutt inn af vörum, sem þyrfti til byggingarstarfsemi. Og einnig mundi það valda minnkandi fjárfestingu í útflutningsiðngreinunum, en það mundi, áður en langt liði, hafa áhrif á útflutningsmagnið. Það virðist ógerlegt að koma í veg fyrir, að peningar hafi hin eðlilegu áhrif sín, þegar of mikið magn af þeim er gefið út. Þeir eru eins og rennandi vatn, og tilraunum til að koma í veg fyrir, að þeir flæði um allt hagkerfið, mætti líkja við það að reyna „að byggja flóðgarða úr ís á vordegi", eins og sænskt skáld orðar það.

Síðari fyrirlestur:

Vandamál í sambandi við afturhvarf til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar.

Höft eða frjáls gjaldeyrisverzlun — Hvers vegna er frjáls gjaldeyrisverzlun eftirsóknarverð? — Höft eru frelsisskerðing — Skilyrði þess, að hægt sé að koma á frjálsri gjaldeyrisverzlun — Nauðsynlegt að eiga gjaldeyrisvarasjóð — Verzlunarstefna Bandaríkjanna — Afstaða annarra þjóða til Bandaríkjanna — Á gengið að vera fast eða hreyfanlegt? — Óleyst vandamál í Evrópu — Ástæða til bjartsýni — Fyrirspurnir og svör.

Í fyrirlestri mínum í gær gafst mér tilefni til að ræða nokkuð starfsemi gullfótarkerfisins, eins og hún var fyrir 1914, þegar unnt var að kaupa erlendan gjaldeyri óhindrað, það er að segja án leyfis hjá opinberum skrifstofum. Á árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja — frá 1919—1939 — héldu flest lönd í Evrópu frjálsum gjaldeyrismarkaði. Þannig mátti t. d. í London kaupa fyrir sterlingspund hvaða gjaldeyri, sem var, og einnig gull, þangað til styrjöldin skall á 1939. Að vísu er rétt, að eftir að pundið hætti að vera innleysanlegt, hafði það um tíma ekki neitt fast gengi miðað við gull, en enn þá var unnt að kaupa gull og gjaldeyri án leyfis eða annarra takmarkana, en verðið var breytilegt. Bretar vildu heldur frelsi en höft.

Höft eða frjáls gjaldeyrisverzlun.

Þýzkaland valdi aðra leið. Gjaldeyrishömlur voru settar á sumarið 1931, og undir leiðsögn hins hugkvæma dr. Schachts var mjög flókið kerfi mismunandi gengis sett á laggirnar, og tókst að halda því starfandi. Eftirlit með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri var ein hinna mörgu aðferða, sem beitt var til þess að takmarka neyzlu í Þýzkalandi, en hinn „þvingaði sparnaður" var notaður til þess að afla fjár til opinberra framkvæmda og endurvígbúnaðar. Hermann Göring sagði þýzku þjóðinni alveg hreinskilnislega, að hún ætti að fá fallbyssur í smjörs stað. Það er mikilvægt að minnast þess, að Schacht fann ekki upp kerfi, sem gerði sparnað ónauðsynlegan, og ekkert slíkt kerfi er til fyrir þjóð, sem vill halda áfram að festa fé í framkvæmdum.

Þegar annarri heimsstyrjöld lauk, var svo komið, að höftin voru í hugum manna tengd einræðiskerfunum, það er að segja alræði Hitlers og Mússólínis. Þessi hugartengsl gerðu það auðveldara að losna við höftin, og þau skýra það t. d., hvers vegna þeim prófessor Einaudi á Ítalíu og prófessor Erhard í Þýzkalandi tókst að koma á fót frjálsu hagkerfi svo snemma eftir styrjöldina. En það er eftirtektarvert, hve mjög menn hafa snúið aftur til markaðskerfisins, ekki aðeins í þessum löndum, heldur öðrum löndum Vestur-Evrópu. Í Bretlandi var þróunin að frjálsari mörkuðum hraðari eftir 1951, eins og komið hefur fram í endalokum skömmtunar og opnun frjálsari vörumarkaða.

Frjáls gjaldeyrisverzlun, — „frelsið til þess að kaupa erlendan gjeldeyri án þess að þurfa að sækja um leyfi til opinberra skrifstofumanna", — er *þáttur í markaðshagkerfi.* Það er því engin furða, þótt Bretlandi hafi reynzt ókleift að halda hinu nýja frelsi pundsins nema í mjög skamman tíma, þegar það samkvæmt skuldbindingum sínum í enskameríska lánssamningnum kom á fót nokkurn veginn frjálsri gjaldeyrissölu 1947, án þess að um frjálsan markað væri að ræða á öðrum sviðum. Þetta er alveg eins og reynt væri að afnema allt í einu skömmtun á sykri, áður en skömmtun á nokkru öðru væri afnumin. Allir mundu rjúka til þess að kaupa sykur, og tilraunir til þess að gera þá vöru frjálsa mundu fara út um þúfur. Mistök þessarar ótímabæru tilraunar gerðu menn bæði í Bretlandi og annars staðar mjög varkára, og það er ein ástæðan fyrir því, hvers vegna þróunin í átt til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar hefur verið tiltölulega hæg. Nú eru meira en níu ár liðin, síðan styrjöldinni lauk, og flest lönd hafa enn þá gjaldeyrishömlur.

En upp á síðkastið hefur málið verið tekið upp að nýju: Í Þýzkalandi hefur prófessor Erhard gerzt málsvari frjálsrar gjaldeyrisverzlunar, og um Bretland er það að segja, að endurhvarf til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar hefur tvisvar verið sett fram sem *einhuga markmið landanna í brezka samveldinu.*

a) Ráðstefna forsætisráðherra samveldislandanna, sem haldin var í London i desember 1952, lét svo um mælt: „Ómissandi þáttur í starfhæfu kerfi alhliða milliríkjaviðskipta er endurreisn frjálsrar gjaldeyrisverzlunar í sterlingspundum", en af forsjálni var því bætt við, að frjálsri verzlun með pund væri aðeins unnt að „koma á fót smám saman".

b) Á seinustu ráðstefnu forsætisráðherra samveldislandanna í janúar á þessu ári voru sömu markmið sett fram, en með meiri áherzlu. Sagt var, að takmarkið væri „að styrkja stöðu hvers lands og sterlingspunds sem gjaldmiðils og koma á fót ásamt öðrum löndum víðtækara og frjálsara kerfi verzlunar og fjármála, þar sem frjáls gjaldeyrisverzlun með pund sé einn meginþátturinn".

Þetta eru ekki innantóm orð. Þau eru þrauthugsuð stefna brezka samveldisins. Á því er enginn vafi, að þjóðirnar í þeim hópi ætla sér að koma á frjálsri gjaldeyrisverzlun í löndum sínum.

Hvers vegna er frjáls gjaldeyrisverzlun eftirsóknarverð?

En *hvers vegna* hefur brezka stjórnin og aðrar ríkisstjórnir svo mikinn áhuga á því að taka á ný upp frjálsa gjaldeyrisverzlun?

1) Ástæðan er að sjálfsögðu, að frjáls gjaldeyrisverzlun mundi örva heimsverzlunina og fjármagnshreyfingu milli landa, en sérstaklega vegna þess, að hún hlýtur að verða samfara endurhvarfi til frjálsrar verzlunar og afnámi „kvóta" og annarra beinna takmarkana á viðskiptum milli landa. Hvað sem öðru líður, er verzlun við aðrar heimsálfur lífsnauðsyn fyrir Vestur-Evrópu. Flestar þjóðir á meginlandinu verða að flytja inn matvöru og hráefni frá öðrum löndum og heimsálfum. Hvaða von er því til þess, að við getum átt blómlegt atvinnulíf án frjálsrar verzlunar og greiðsluviðskipta? Ef við höldum ekki áfram á braut til

frjálsrar gjaldeyrisverzlunar, vofir sú hætta ætíð yfir, að við berumst aftur til baka til tvíhliða vöruskiptakerfis, en það er sú aðferð í verzlun og greiðsluviðskiptum, sem er hættulegust fyrir þróun heimsverzlunarinnar.

2) Um Bretland er það að segja, að verzlun við önnur lönd og þá sérstaklega við lönd á sterlingssvæðinu er því gífurlega mikilvæg, en það er mjög vafasamt, hvort Bretlandi mundi takast að halda sterlingssvæðinu saman, ef pundið væri ófrjálst um alla framtíð. Því má ekki gleyma, að gjaldeyriseftirlit á sterlingssvæðinu nær því aðeins tilgangi sínum, að það sé framkvæmt á öllu svæðinu, þar sem sterlingsgreiðslur eru frjálsar innan þess, það er að segja til Indlands, Pakistan, Ceylon og Kuwait og fjölda margra annarra staða. Eins og dr. Beyen, sem nú er utanríkisráðherra Hollands, benti mér einu sinni á, má líkja gjaldeyriseftirliti við loftræsingu. Það er ekki óhætt að opna einn einasta glugga á öllu sterlingssvæðinu, en samt eru þar margir gluggar í hálfa gátt. Varla er við því að búast, að öll þessi lönd haldi áfram að vera á sterlingssvæðinu, ef pundið verður ekki fyrsta flokks gjaldeyrir. Og ekkert land verður til lengdar stórveldi í fremstu röð, ef það hefur annars flokks gjaldeyri.

Höft eru frelsisskerðing.

3) Þriðja röksemdin, sem oft er sett fram í Bandaríkjunum, er, að frjáls gjaldeyrisverzlun sé bezta vörnin fyrir einræðisaðferðum, þar sem hún er hluti af hagkerfi hins frjálsa markaðs. Hitler byggði upp vald sitt yfir öllu hagkerfi Þýzkalands bak við múr gjaldeyrishafta. Árið 1936 eða 1937 spurði ég þýzkan hagfræðing, hvers vegna þýzk yfirvöld breyttu ekki gengi ríkismarksins til samræmis við raunverulegt gildi þess, eins og gert hefði verið t. d. með svissneska franka, þar sem slík ráðstöfun mundi ekki aðeins hafa gert það kleift að afnema fjöldann allan af þunglamalegum höftum, heldur hefði það líka aukið útflutning Þýzkalands án þess að veikja trú manna á gjaldmiðlinum. Hann svaraði, að höft væru álitin nauðsynleg af flokksstjórninni sem tæki til þess að drottna yfir viðskiptum almennings. Hver einasti innflytjandi og útflytjandi yrði að hafa það hugfast, að ef hann sýndi nokkurn mótþróa eða óánægju með ríkisstjórnina, væri líklegt, að umsóknum hans um leyfi yrði neitað, en þá væri eins gott fyrir hann að hætta við fyrirtæki sitt. Það er ekki minnsti kostur frjálsrar gjaldeyrisverzlunar, að hún stuðlar að því að vernda skoðanafrelsi.

En við vitum öll, að til eru hagfræðingar, sem fylgja þeirri skoðun af mikilli sannfæringu, að höft séu æskileg til þess að gera mönnum kleift að skipuleggja atvinnulífið. Eins og ég minntist á í gær, er Thomas Balogh, sem er Ungverji að uppruna, en nú búsettur í Oxford, líklega frægastur þeirra. Balogh álítur, að rétt sé að efla mjög kaupmátt með því að auka peningaframboðið í þeim tilgangi að tryggja næga atvinnu, en síðan sé unnt að koma í veg fyrir óhagstæð áhrif hinnar miklu peningaveltu á greiðsluviðskiptin með ströngum innflutningshömlum. Að mínu áliti er það alger villa að álíta, að unnt sé að

koma í veg fyrir hin óhagstæðu áhrif á þennan hátt. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að starfrækja slík kerfi, hafa sýnt, að því fylgir sífelldur gjaldeyrishalli. Þegar of miklir peningar eru í umferð, getur ekkert land á friðartímum komið í veg fyrir, að greiðsluhalli myndist.

Mér virðist svo sem Balogh og skoðanabræður hans séu að verða áhyggjufullir upp á síðkastið, þar sem þeir óttast, að frjáls greiðsluviðskipti verði brátt tekin upp að nýju. Það, sem veldur áhyggjum þeirra, er líklega sá grunur, að erfitt verði að koma aftur á gjaldeyrishöftum, þegar þau hafa á annað borð verið afnumin. Það er að vísu rétt, að ný brezk stjórn gæti fyrirvaralaust endurreist gjaldeyrishaftakerfið í Bretlandi sjálfu, en líklegt er, að henni reyndist erfitt að koma á höftum í þeim löndum, sem talin eru til „hins fjarlæga hluta sterlingssvæðisins", t. d. Pakistan, Ceylon, Ástralíu og Nýja Sjálandi, þar sem þessi lönd eru sjálfstæðir þátttakendur í samveldinu. En án hinna nánu tengsla við öll þessi lönd mundi efnahagsaðstaða Bretlands vera allt önnur en hún er nú.

Það er ekki ætlun mín að flytja hér stjórnmálalegan fyrirlestur, en ég nefni þessi atriði, af því að þau eru óaðskiljanlegur þáttur í þeim átökum, sem nú fara fram um endurhvarf til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar.

Skilyrði þess, að hægt sé að koma á frjálsri gjaldeyrisverzlun.

Nú, þegar við höfum athugað aðalástæðurnar, sem mæla með því, að frjáls gjaldeyrisviðskipti verði tekin upp að nýju, ættum við að athuga *meginskilyrðin, sem uppfylla verður, áður en frjáls gjaldeyrisverzlun getur orðið að veruleika.*

Eitt atriði hef ég þegar minnzt á, en það er, að frjáls gjaldeyrisviðskipti séu hluti af frjálsu markaðshagkerfi, og er því nauðsynlegt að koma á fót á ný frjálsum mörkuðum á mörgum sviðum, áður en þetta kerfi geti starfað snurðulaust. Eins og þér vitið, hefur Bretland nú gengið langt á þeirri braut að afnema bein höft og að opna á ný frjálsa vörumarkaði, t. d. hefur verið opnaður frjáls markaður fyrir hveiti, sykur, ull og baðmull. Einnig ber að minnast þess, að Vestur-Evrópa hefur komið á allmiklu frelsi í viðskiptum undir forystu Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. En við skulum nú snúa okkur að því að athuga nánar ýmis skilyrði, sem uppfylla þarf, til þess að frjáls gjaldeyrisverzlun geti komizt í framkvæmd.

1) *Meginskilyrðið* fyrir því, að frjálsir markaðir með gjaldeyri eða aðra hluti geti þrifizt og þess vegna einnig meginskilyrðið fyrir frjálsri gjaldeyrisverzlun, er, að fjárhagslegu jafnvægi innan lands hafi verið náð í hverju einstöku landi, en til þess þarf tvennt: a) Ríkisbúskapurinn verður að vera hallalaus, og b) heildarlánveitingar viðskiptabankanna og annarra banka verða yfirleitt að vera innan þeirra takmarka, sem upphæð nýs sparnaðar segir til um.

Alþjóðagreiðslubankinn hefur sífellt haldið þeirri skoðun fram í skýrslum sínum eftir stríð, að eina árangursríka leiðin til þess að ná jafnvægi í greiðsluviðskiptum væri að koma á jafnvægi í fjármálum hvers lands um sig. En þeir voru margir, sem voru alls ekki sammála okkur fyrst í stað. En mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan, og nú virðast þau lögmál, sem við í Basel börðumst alltaf fyrir, hafa verið viðurkennd og eru nú talin

nærri því augljós. Maður verður að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, að það er ekki alltaf skemmtilegt fyrir stjórnmálamenn eða fyrir almenning að heyra það, að innanlandsfjármálin séu svo mikilvæg, því að af því leiðir, að til þess að lækna ástandið er oft nauðsynlegt að skera niður fjárfestingu eða auka skatta, eins og danska ríkisstjórnin leggur nú til, að gert verði.

2) *Annað skilyrðið* fyrir frjálsri gjaldeyrisverzlun er, að framleiðslukostnaður og verðlag í því landi, sem kemur á frjálsri gjaldeyrisverzlun, sé í samræmi við framleiðslukostnað og verðlag í öðrum löndum. Að vísu verður að viðurkenna, að oft er erfitt að ákveða nákvæmlega, hvert hið rétta hlutfall sé. Nú, þegar frjáls gjaldeyrisviðskipti eru að verða framkvæmanleg stefna, er mikilvægt, að hver þjóð um sig athugi gaumgæfilega stöðu sína og geri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja, að framleiðslukostnaður innan lands verði ekki svo hár, að útflutningsatvinnuvegirnir fái ekki staðizt samkeppni á erlendum mörkuðum.

Nauðsynlegt að eiga gjaldeyrisvarasjóð.

3) *Þriðja skilyrðið* fyrir frjálsri gjaldeyrisverzlun er, að nægir varasjóðir í gulli og erlendum gjaldeyri séu til ráðstöfunar. Varasjóðir seðlabankanna verða að vera nógu miklir til þess að gera þeim kleift að standast nokkurn halla á greiðsluviðskiptum, svo að nægur timi vinnist til að koma ráðstöfunum þeirra til aukins jafnvægis í hagkerfinu í framkvæmd. Á stríðsárunum eignuðust mörg lönd miklar inneignir í pundum í London. Og þessar inneignir, sem eru í raun og veru þung skuld fyrir Bretland, geta eigendurnir tekið út, ef þeim sýnist. Til þess að lenda ekki í vandræðum, ef féð er dregið burt, verður Bretland að hafa nægilega varasjóði, og brezka ríkisstjórnin hefur sjálf alltaf lagt áherzlu á, hvílík nauðsyn það er. Breytingar á eigendum þessara pundainneigna hafa orðið til þess, að þær eru nú í „öruggari" höndum en þær voru fyrst eftir styrjöldina, en þótt svo sé, eru þær enn vandamál.

Gjaldeyrisforði Breta eins og flestra Vestur-Evrópuþjóða er nú miklu meiri en hann var fyrir nokkrum árum. Mun ég nefna hér nokkrar tölur í því sambandi.

Í árslok 1938 átti Vestur-Evrópa (það er O.E.E.C.-löndin og þar með talið Grikkland og Tyrkland) gull og dollara að verðmæti 10½ milljarð dollara. Í lok 1947 hafði þessi gjaldeyrisforði lækkað niður í tæpa 8 milljarða. Hann hefur nú hækkað á ný upp í meira en 14 milljarða, en það er mjög veruleg aukning. Löndin, sem hafa bætt stöðu sína mest, eru Vestur-Þýzkaland, Holland, Belgia og Bretland.

Mér þykir leitt að þurfa að segja, að Norðurlönd (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Sviþjóð) eru ekki meðal þeirra landa, sem eiga að ráði meiri gjaldeyrisforða en fyrir stríð. Ég hef um margra ára skeið búið í Sviss og einnig kynnzt Hollendingum og Belgum vel, og mér hefur fundizt sú staðreynd æ merkilegri, að þessar gömlu verzlunarþjóðir, — bæði einstaklingar og fjármálayfirvöld, — skilja

miklu betur mikilvægi þess að eiga næga varasjóði en Norðurlandaþjóðirnar.

Gull- og dollaravaraforði Frakklands hefur aukizt verulega síðan haustið 1953. Eftir síðustu tölum að dæma er halli á ríkisreikningum Frakka aðeins helmingur af því, sem hann var 1953. Þessari breytingu til batnaðar í ríkisfjármálunum hefur verið samfara tilsvarandi breyting til batnaðar á gjaldeyrisstöðunni, enda þótt verzlunarhöftunum hafi verið aflétt að nokkru á sama tíma. Höft geta verið gagnleg, þegar neyðarástand ríkir og skjótra aðgerða er þörf, en það hefur verið sannað, að þau eru ekki árangursrík, þegar til lengdar lætur.

Verzlunarstefna Bandaríkjanna.

4) Ég kem nú að *fjórða skilyrðinu,* en það er, að höfuðlánveitendurnir á alþjóðavettvangi, — sérstaklega Bandaríkin, — fylgi því, sem venjulega er kallað „stefna góðra lánardrottna". Ég minntist á það í gær, að fyrir 1914, þegar Bretland var tvímælalaust miðdepill peningakerfis veraldar, var þar frjáls verzlun, og peningamarkaðurinn í London var uppspretta verzlunarlána og annarra lána fyrir alla þá, sem gættu þess að halda óskertu lánstrausti sínu.

Augljóst er, að Bandaríkin munu ekki taka upp tollfrjálsa verzlun, en þau ættu í fyrsta lagi að forðast tollahækkun og í öðru lagi að halda áfram á þeirri braut að lækka smám saman tolla, eins og þau hafa gert síðan árin eftir 1930. Randallnefndin, sem gaf út skýrslu sína snemma á þessu ári, kom með ýmsar gagnlegar tillögur varðandi stefnuna í viðskiptamálum. Lítið eða ekkert hefur enn verið gert til þess að koma þeim í framkvæmd, en samt er óhætt að segja, að störf nefndarinnar hafa komið að gagni. Niðurstöðurnar hafa verið viðurkenndar formlega af Eisenhower forseta í orðsendingu hans til Bandaríkjaþings. En ég held, að það sé í fyrsta skipti, sem forseti repúblíkana hefur lýst sig hlynntan tollalækkun. Repúblíkanaflokkurinn er því ekki lengur eingöngu hátollaflokkur.

Þegar Bandaríkjamenn færa fram rök til stuðnings tollalækkun, finnst mér þeim oft hætta til að gera of mikið úr nauðsyn þess að stuðla að aukinni verzlun annarra landa, sem mundu ekki, að því er þeir telja, geta leyst gjaldeyrisvandamál sín að öðrum kosti. Þetta er vafalaust mjög mikilvægt atriði, en mér virðist, að Bandaríkin hafi ríka ástæðu til tollalækkunar vegna eigin hagsmuna sinna. Meðal svo stórrar þjóðar sem Bandaríkjamanna er t. d. mikil hætta á, að hagsmunaheildir, – risafyrirtæki, verkalýðsfélög og bændasamtök, – verði svo sterkar, að þær geti jafnvel sagt stjórninni fyrir verkum. Reynslan hefur sýnt, að það er mjög hættulegt hverju ríki, ef hagsmunaflokkar drottna yfir stjórn þess, en bezta leiðin til þess að halda slíkum hagsmunum í skefjum er að hleypa meira af erlendum vörum inn í landið.

Um erlendar lánveitingar má segja, að víst er, að bankar í New York munu aldrei taka að sér erlend lán í jafnríkum mæli og Lundúnamarkaðurinn gerði. En ýmsar nýjar leiðir til lánveitinga hafa ver-

ið opnaðar og fleiri kunna að opnast, þegar fram líða stundir. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er nú t. d. að athuga að koma upp kerfi aðstoðarlána, og starfsemi Alþjóðabankans við veitingu lána til langs tíma á mikið lof skilið.

Afstaða annarra þjóða til Bandaríkjanna.

Viðskiptin milli Bandaríkjanna og annarra landa heims hafa gífurlega mikil áhrif í öllum viðræðum um afturhvarf til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar. Skoðanir eru mjög skiptar um þá stefnu, sem Evrópulöndin ættu að aðhyllast gagnvart dollarasvæðinu. Í þessu sambandi verð ég að láta mér nægja að taka til athugunar tvo skoðanaflokka, en ákveðnasta fulltrúa þeirra beggja er ef til vill að finna í Bretlandi.

1) Sumir eru þeirrar skoðunar, að hagkerfi Bandaríkjanna sé, þrátt fyrir gífurlega stærð sína og þrótt, svo óstöðugt og svo hætt við miklum verðbólgum og kreppum, að Evrópulöndunum sé ráðlegast að binda ekki gjaldmiðil sinn allt of fast við dollarann með því að fallast á frjálsa gjaldeyrisverzlun á grundvelli fasts gengis. Þvert á móti halda þessir hagfræðingar því oft fram, að beita skuli innflutningshömlum gegn bandarískum vörum án þess að hika, ef gjaldeyrisvandræði gera vart við sig. Þeirri skoðun hefur oft verið haldið fram, að jafnvel smávægilegur afturkippur í Bandaríkjunum mundi hafa alvarleg áhrif á gjaldeyrisafkomu og hagkerfi Evrópulanda, — eða eins og sumir orða það: „Þegar Bandaríkin hnerra, fær Evrópa lungnabólgu.“
2) Annar skóli hagfræðinga hefur meiri trú á því, að hagkerfi Bandaríkjanna muni geta haldizt í jafnvægi. Þeir færa að því rök, að Bandaríkjamenn sjálfir hafi fulla ástæðu til þess að koma í veg fyrir miklar sveiflur innan lands. Enn fremur álíta sumir þeirra, að löndin í Evrópu ættu, þegar þau fara að styrkjast, að geta staðizt óhagstæð áhrif frá Bandaríkjunum, án þess að hagkerfi þeirra fari úr skorðum. Þeir, sem fylgt hafa þessari stefnu, leggja til, að lokatakmarkið skuli vera frjáls gjaldeyrisverzlun á grundvelli fasts gengis. Skoðun þeirra er, að það ætti að minnsta kosti að reyna að hafa samvinnu við Bandaríkin. Ekki sé nauðsynlegt, að um það sé neinn fastur samningur, en báðir aðilar ættu að gera hvað þeir gætu, til þess að samvinnan takist.

Síðan haustið 1953, það er að segja, síðan augljóst varð, að afturkippur mundi verða í hagþróun Bandaríkjanna, hafa fylgjendur beggja þessara meginskoðana beðið áhyggjufullir eftir að sjá, hvað verða mundi.

Það er nú vitað, að spurningin um það, hver afstaða brezka samveldisins gagnvart Bandaríkjunum skyldi vera, var tekin upp til umræðu á fundi forsætisráðherra samveldisins í Sidney í janúar á þessu ári. Á ráðstefnunni var samþykkt, að löndin í samveldinu skyldu „reyna að standast óumflýjanlegar sveiflur í heimsverzluninni án þess að hverfa aftur til hafta í gjaldeyris- og innflutningsmálum“. Enn fremur var samþykkt, að „ef allir gerðu sitt til að reyna að halda við blómlegri verzlun, efnahagsstarfsemi og atvinnu, mundi vera hægt að koma í veg fyrir, að lítils háttar

afturkippur í Bandaríkjunum hefði alvarlegar afleiðingar annars staðar".

Þetta var sigur fyrir þann flokk, sem fylgir samvinnu við Bandaríkin. Þróun efnahagsmála hefur verið honum hliðholl og hefur orðið til þess að efla áhrif hans.

Eins og þér öll vitið, hefur efnahagsafturkippurinn í Bandaríkjunum á þessu ári ekki haft í för með sér nokkurn samdrátt efnahagsstarfsemi í Evrópu. Satt að segja hefur verið um blómaskeið að ræða í Evrópu, og flest Evrópulönd hafa haldið áfram að bæta við gull- og dollaraforða sinn. Þeirri stefnu að vinna að náinni samvinnu við Bandaríkin hefur vafalaust vaxið fylgi á síðustu mánuðum.

Á gengið að vera fast eða hreyfanlegt?

Í þessu sambandi verð ég að segja nokkur orð um það vandamál, hvort við ættum að búast við *föstu eða hreyfanlegu gengi*, þegar frjáls gjaldeyrisverzlun er tekin upp að nýju. Sumir hagfræðingar eru fylgjandi hreyfanlegu gengi á þeim grundvelli, að eina leiðin til þess að koma á jafnvægi, ef greiðsluhalli yrði, væri að leyfa genginu að breytast, þar sem engin þjóð nú á tímum mundi taka það í mál að gera verulegar breytingar á launakjörum. Þessir hagfræðingar tala oft eins og hvert land væri reiðubúið til að taka upp breytilegt gengi gagnvart öllum öðrum gjaldmiðli, en því mundi fylgja alger ringulreið í þessum málum. Almennt hreyfanlegt gengi hefur aldrei verið framkvæmt, og það verður aldrei unnt að framkvæma það. Sum lönd mundu vitanlega þurfa að breyta gengi sínu eða leggja niður tvöfalt gengi, áður en þau gætu gert gjaldmiðil sinn frjálsan. En yfirleitt, held ég, að löndin muni að mestu leyti gera þetta í hópum, eins og þau gerðu á árunum milli 1930 og 1940, þegar þau ákváðu, hvort þau fylgdu sterlingssvæðinu eða gulllöndunum.

Langmikilvægasta spurningin er, hvort gengi milli punds og dollars verði hreyfanlegt eða ekki. Árið 1931 hætti hlutfallið milli þessara tveggja mynta að vera fast, en ástæðurnar þá voru þessar:

i) Vöruverð í Bandaríkjunum var fallandi, og
ii) pundið var í of háu gengi. Hvort sem því hefur verið gefið of hátt gengi 1925 eða ekki, var ljóst, að það var orðið of hátt, þegar vöruverð á heimsmarkaðinum féll eftir 1929.

Nú reyna Bandaríkin að gera, það sem þau geta, til þess að koma í veg fyrir verðhrun, sem mundi verða þeim sjálfum þungbært. Og þrátt fyrir afturkipp þann, sem nú hefur orðið í efnahagslífi þeirra, hefur þeim tekizt, enn sem komið er, að forðast verðfall.

Og pundið er vissulega ekki of hátt metið eins og stendur; Bretland er nú yfirleitt ódýrt land.

Að sjálfsögðu kærir sig enginn um hreyfanlegt gengi í sjálfu sér. Markmiðið hlýtur alltaf að vera stöðugt gengi. En spurningin er sú, hvort þau lönd, sem hlut eiga að máli, eru reiðubúin til þess að fylgja þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem gerir það kleift að halda föstu gengi.

Ég held, að góðar líkur séu til þess, að slíkri stefnu verði fylgt bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi. Og um löndin á meginlandi Evrópu er það að segja, að nærri því öll þeirra vilja, að fast gengi haldist.

Óleyst vandamál í Evrópu.

Við megum ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að *ýmis erfið vanda-*

mál bíða úrlausnar í Evrópu. Þýzkaland verður að stefna að því að gera verðbréfamarkað sinn fullkomnari, Ítalía þarfnast frekari efnahagslegra framfara, sérstaklega í suðurhluta landsins, Frakkland verður að lækka framleiðslukostnað sinn og gera verzlunina frjálsari, og ég gæti nefnt mörg önnur verkefni, sem bíða úrlausnar.

Þessi vandamál eru alls ekki óleysanleg, og í þeim löndum, sem nefnd hafa verið, vinna yfirvöldin markvisst að því að finna hina réttu lausn þeirra.

Eins og þér vitið, var mikið rætt um það á sl. vori, hvort framlengja ætti Greiðslubandalag Evrópu eða ekki. Það kom þó fljótt í ljós, að þátttökuríkin voru yfirleitt ekki reiðubúin til þess að steypa sér út í frjálsa gjaldeyrisverzlun, og bandalagið var framlengt um eitt ár, það er að segja til júníloka 1955.

Önnur spurningin er sú, hvort afnema eigi Greiðslubandalagið algerlega eða hvort í stað þess ætti að koma einhvers konar sjóður á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, þar sem löndin gætu fengið lán, ef nauðsyn bæri til. Í þessu sambandi er óhætt að segja það með vissu, að enginn æskir þess, að snúið verði aftur af braut aukins verzlunarfrelsis, og það er full ástæða til þess að auðvelda þátttöku eins margra Evrópulanda og unnt er í frjálsri gjaldeyrisverzlun, þegar hún verður tekin upp að nýju.

Eftir kosningarnar í Bandaríkjunum, sem fara eiga fram snemma í nóvember á þessu ári, ætti að vera kleift fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna að taka upp ákveðnari afstöðu gagnvart tollum, lánveitingum og fleira.

Við lifum nú á *uppbyggingartímum.* Þátttaka í Greiðslubandalaginu kemur ekki í veg fyrir það, að löndin taki hvert skrefið af öðru á leið til frjálsrar gjaldeyrisverzlunar. Verið er að gefa innflutning dollaravarnings frjálsan í fleiri og fleiri löndum. Meira frelsi er verið að veita fyrir allar greiðslur erlendis, jafnvel flutning fjármagns milli landa. Fyrir nokkrum dögum var mér sagt í Frankfurt frá aðgerðum, sem hafa verið auglýstar nýlega og stefna að því að gefa frjálsar frystar innstæður útlendinga í Þýzkalandi. Enn fremur hefur viðskiptabönkum verið veitt meira frelsi í gjaldeyrisviðskiptum sínum. Engum virðist þykja það neitt merkilegt, að þessar ráðstafanir eru gerðar í Vestur-Þýzkalandi og öðrum löndum um sama leyti og blöðin segja, að í Evrópu ríki stjórnmálalegt öngþveiti, vegna þess að Frakkar hafi neitað að undirrita sáttmálann um Evrópuher. Viðskiptin virðast halda áfram ósnortin af sveiflum heimsstjórnmálanna.

Þegar lýst verður yfir frjálsri gjaldeyrisverzlun, getur verið, að í flestum löndum tákni það aðeins staðfestingu á ástandi, sem þegar er komið á.

Ástæða til bjartsýni.

Ég hef sett fram frekar bjartsýnar skoðanir um framtíð Evrópu. Sl. nóvember talaði ég á umræðufundi í aðalbankanum í Washington um nálega sömu vandamál og ég hef rætt í dag. Mér var þá sagt, að ég væri allt of bjartsýnn. En fyrir nokkrum dögum skrifaði Bandaríkjamaður, sem viðstaddur var á þeim fundi, bréf til Basel og sagði, að nú álitu menn í bankanum í Washington, að ég hefði verið fremur varkár. Svo hagstæð hefur þróun efnahags- og fjármála verið síðan haustið 1953.

Viðburðir í stjórnmálum og á öðrum sviðum geta að sjálfsögðu haft í för með sér afturkipp, en ég er þeirrar skoðunar, að *hver einasta vestræn þjóð ætti að gera ráð fyrir því, að við séum nú*

komin örugglega á braut frjálsrar gjaldeyrisverzlunar, og haga stefnu sinni eftir því.

Fyrirspurnir og svör.

Prófessor Ólafur Björnsson sagði í umræðunum eftir fyrirlesturinn, að hann teldi eitt aðalatriðið í honum hafa verið, að bæði væri hagkvæmt og gerlegt að hafa stöðugt gengi. En mundu ekki sum lönd verða að breyta gengi sínu, áður en þau gætu tekið upp frjálsa gjaldeyrisverzlun?

Dr. Per Jacobsson svaraði, að hann hefði þegar í fyrirlestri sínum gefið í skyn, að nokkur lönd mundu vafalaust verða að breyta gengi sínu. Satt að segja væri það nærri óhjákvæmilegt fyrir þau lönd, sem hefðu tvöfalt eða margfalt gengi, að breyta því, þar sem aðeins eitt gengi mundi verða á frjálsum gjaldeyrismarkaði. En ástæða væri til þess að leggja áherzlu á, að þegar svo háttaði, væri ekki nægilegt að breyta genginu. Ef jafnvægi ætti að nást, yrðu þau, sem í hlut ættu, að sjá um, að ríkisfjármálum þeirra, verðlagi og framleiðslukostnaði yrði komið í lag. Að öðrum kosti mundi „ávinningur" sá, sem útflutningsframleiðslan hefði af gengislækkun, ekki standa lengi við. Næg dæmi væru þess frá árunum eftir stríð, hve skammvinnur vermir væri að gengislækkun, ef það land, sem lækkar gengið, hefði ekki gát á öðrum þáttum stefnu sinnar. Austurríki hefði hins vegar tekizt að koma á jafnvægi í efnahagsmálum, þar sem þar hefði verið fylgt alhliða stefnu, eins og frá væri skýrt í síðustu skýrslu Alþjóðabankans.

Dr. Benjamín Eiríksson spurði, hvort fjármagnshreyfing milli landa mundi ekki hafa þau áhrif á greiðslujöfnuðinn, að nauðsyn bæri til að halda einhverju gjaldeyriseftirliti. Hann spurði einnig, hvort hinn mikli framleiðslumáttur Bandaríkjanna mundi ekki leiða til dollaraskorts.

Dr. Jacobsson svaraði síðari spurningunni fyrst og sagði, að hann væri ekki sammála þeim hagfræðingum, sem hygðu, að hin mikla framleiðslugeta Bandaríkjanna mundi hafa í för með sér dollaraskort. Í fyrsta lagi áleit hann, að á mörgum sviðum framleiðslunnar hefði Evrópa góðar aðstæður til að keppa við Bandarikin. Því mætti ekki gleyma, að vinnulaun í Bandaríkjunum eru meira en tvöföld hæstu vinnulaun í Evrópu. Í öðru lagi sagði hann, að líklega væri ný iðnbylting í aðsigi vegna hinna sjálfvirku rafeindatækja, og Bandaríkjamenn stæðu þar fremstir í flokki, en grundvallaratriði þessara uppfinninga væru vel þekkt og Evrópumenn væru einnig vel á veg komnir. Um „þjónustu" er það að segja, hélt dr. Jacobsson áfram, að Evrópumenn eru þar oft hæfari en Bandaríkjamenn, og þjónusta hefur miklu hlutverki að gegna í nútimahagkerfi. Í þriðja lagi væri aðalatriðið, hvort Bandaríkin mundu gera það, sem hægt væri, til þess að halda verðlagi stöðugu, en hann væri þeirrar skoðunar, að Bandaríkjamenn mundu líklega leggja allt kapp á það vegna eiginhagsmuna sinna að koma í veg fyrir nokkra verulega lækkun vöruverðs. Ef verðlag í Bandaríkjunum er stöðugt, væri engin hætta á því, að Evrópulönd yrðu þvinguð til verðlækkunar, jafnvel þótt mikil afkastaaukning yrði í Bandaríkjunum.

Um fjármagnshreyfingar er það að segja, að sannleikurinn er sá, að fjármagn hefur frekar leitað til Evrópu á síðasta ári heldur en hið gagnstæða. Fjármagnið hefur leitað til Vestur-Þýzkalands og Austurríkis vegna hárra vaxta, jafnvel þótt þau séu hersetin af erlendum stórveldum, en þau tvö lönd hafa í meira en hálft annað ár haft greiðsluafgang gagnvart Greiðslubandalaginu. Almenningur í Evrópu lætur sig nú orðið litlu skipta kreppur heimsstjórnmálanna, en sinnir í stað þess sínum eigin viðskiptum. Stundum heyrist því fleygt, að í nútímastyrjöld sé enginn staður öðrum öruggari. Menn álíta, að fullt eins mikil líkindi séu til þess, að New York, Pittsburg og Detroit verði fyrir sprengjuárás eins og nokkur borg í Evrópu. Menn halda ekki aðeins slíkum skoðunum fram, heldur stjórna þær gerðum þeirra. Þeim finnst algerlega tilgangslaust að fárast út af hugsanlegum hættum atómstyrjaldar og álíta, að ef slík styrjöld skylli einhvern tima á, mundi gangur hennar vafalaust verða allt annar en við hefði verið búizt. Dr. Jacobsson kvaðst hins vegar vera viss um það, að yfirvöldin mundu draga það þó nokkuð að gefa fjármagnshreyfingar frjálsar, þótt öðrum gjaldeyrishömlum yrði aflétt. Bezta stefnan er, þegar öll kurl koma til grafar, að þróunin verði smám saman. Ef dollaraeignin heldur áfram að vaxa, mundi að lokum ekki vera nein ástæða til þess að skammta dollara, og að síðustu gæti svo farið, að yfirvöldin yrðu fegin, ef einhver vildi fá dollara, eins og þegar er komið á daginn í Sviss. Gjaldeyriseftirlit yrði afnumið á öllum sviðum, þegar ekki væri lengur nauðsynlegt að skammta erlendan gjaldeyri, því að það er aðeins þörf á að skammta það, sem skortur er á.

Framleiðsla og fjárfesting 1953

Inngangur — Framleiðsla landbúnaðarafurða — Fjárfesting í landbúnaði — Útgerð og sjávarvöruiðnaður — Aukning skipastólsins — Iðnaðarframleiðsla — Heildarfjárfesting — Opinberar framkvæmdir — Húsbyggingar.

Inngangur.

Í þessari grein verður reynt að skýra eftir föngum frá framleiðslu í helztu atvinnuvegum og fjárfestingu. Enn eru ekki til neinir fullkomnir þjóðartekjureikningar, svo að ekki er hægt að gefa neinar tölur, sem treystandi sé, um framleiðsluverðmætið. Hins vegar eru birtar hér flestar þær tölur um framleiðslumagn, sem unnt hefur verið að afla. Líku máli gegnir um fjárfestingu, að erfitt er að fá vitneskju um það, hve miklu fé hafi verið varið til framkvæmda nema á vegum opinberra aðila.

Þrátt fyrir alla þessa annmarka, er ekki um það að villast, að framleiðsla og fjárfesting hefur verið stórum meiri á árinu 1953 en næstu tvö ár á undan, og stuðlaði margt að því. Árferði var einmuna gott og framleiðsla og fjárfesting til sveita því tiltölulega mikil. Einnig voru aflabrögð sæmileg. Mjög mikið af erlendu lánsfé og gjafafé var notað á árinu til stórframkvæmda og annarrar fjárfestingar. Mestu máli skipti þó, að mikil þensla var í efnahagskerfinu, sem átti rót sína að rekja til tekna af varnarliðinu og peningaþenslu. Hafði þetta í för með sér stóraukna eftirspurn á innanlandsmarkaði og aukna framleiðslu í innlendum iðnaði. Sömu orsakir, ásamt meira frelsi í fjárfestingarmálum, leiddu til aukinnar fjárfestingar í íbúðarhúsum, sérstaklega er á árið leið.

Framleiðsla landbúnaðarafurða.

Árið 1953 var veðrátta mjög hagstæð bændum um land allt. Veturinn var góður, en vegna snjóa og klaka í jörðu voraði hægt. Þegar kom fram í júnímánuð, var tíð óvenjulega góð, svo að spretta varð með eindæmum, sérstaklega á Norðurlandi. Heyskapur hófst snemma og gekk yfirleitt ágætlega á öllu landinu, og varð heyfengur mikill og góður. Einnig var uppskera af hvers kyns jarðarávexti með ágætum, og fé kom vænna af fjalli en dæmi er til áður.

Verður nú skýrt frá framleiðslu helztu landbúnaðarafurða á árinu 1953, en síðar verður rætt um fjárfestingu í landbúnaði, en hún varð mjög mikil á árinu. Sérstaklega var mikil aukning á bústofni landsmanna, enda var fjárskiptum lokið haustið 1952.

Sauðfjárafurðir. Sauðfjárslátrun var minni haustið 1953 en dæmi eru til, síðan skýrslusöfnun hófst. Þetta stafaði fyrst og fremst af því, að bændur voru enn að auka fjárstofn sinn eftir fjárskiptin og næg hey gerðu þeim kleift að setja óvenjumarga dilka á vetur.

Kjötframleiðslan varð mjög lítil á árinu, en meðalþungi dilka var með ágætum. Á 1. töflu sést, að framleiðsla allra sauðfjárafurða hefur minnkað á árinu 1953 nema ullarframleiðslan. Við tölurnar um kjötframleiðslu þarf að bæta heimaslátrun, en um hana eru engar skýrslur til. Líklega hefur hún verið með minnsta móti 1953 eða um 1.300 tonn af kjöti.

Mjólkurafurðir. Innvegin mjólk í mjólkurbú var 13,5% meiri 1953 en árið áður, og jókst framleiðsla flestra mjólkurvara að sama skapi, eins og VIII. tafla að aftan sýnir. Vegna aukinnar eftirspurnar á innanlandsmarkaði hefur vaxandi hluti mjólkurinnar verið seldur sem nýmjólk. Mjólkurframleiðsla eykst örast sunnan lands og vestan.

Á Ísafirði jókst mjólkurmóttaka um 38,4% á árinu, um 20,8% hjá Mjólkurbúi Flóamanna, 16,7% hjá Mjólkurstöðinni í Reykjavík, en mun minna annars staðar á landinu.



Garðrækt og kornrækt. Uppskera úr görðum og gróðurhúsum var mjög mikil árið 1953. Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar um kartöfluuppskeruna er áætlað, að hún hafi numið 158 þús. tunnum. Er það rúmlega tvöfalt meira en árið áður og langt yfir meðallagi, enda tókst bændum ekki að selja nærri því alla uppskeru sína. Uppskera ársins af rófum er talin 20 þús. tunnur eða tvöfalt meiri en árið 1952.

Upplýsingar frá Sölufélagi Garðyrkjumanna eru einu tölur, sem til eru um framleiðslu gróðurhúsa og garðyrkjustöðva. Samkvæmt þeim nam uppskera af tómötum árið 1953 197 tonnum, hvítkáli 117 tonnum og gulrótum 50 tonnum.

Á Sámsstöðum nam uppskeran 50 tunnum af byggi og 78 tunnum af höfrum, en það var lítið eitt meira en árið áður. Af grasfræi fengust 100 kg.

Aðrar landbúnaðarafurðir. Litlar upplýsingar eru enn til um framleiðslu annarra landbúnaðarafurða. Engar nákvæmar skýrslur eru gerðar um framleiðslu annars kjöts en kindakjöts, en samkvæmt áætlun nam framleiðsla ársins 1952 1.871 tonni af nautakjöti, 1.760 tonnum af hrossakjöti og 910 tonnum af kjöti af öðrum skepnum, tömdum og villtum.

Framleiðsla af eggjum mun hafa aukizt litið eitt á árinu 1953, og er áætlað, að hún hafi numið um 750 tonnum.

Fjárfesting í landbúnaði.

Fjárfesting í landbúnaði var mjög mikil á árinu 1953, og hefur verið áætlað, að hún hafi numið rúmu hálfu öðru hundraði milljóna króna. Er þetta vafalaust meira en nokkru sinni fyrr, enda voru aðstæður hagstæðar á árinu, veðrátta ágæt og afkoma bænda góð, en einnig átti aukning fjárstofnsins eftir niðurskurðinn mikinn þátt i hinni miklu fjárfestingu. Verður nú

1. tafla. Sauðfjárslátrun og framleiðsla sauðfjárafurða 1949—1953.

	1949	1950	1951	1952	1953	Aukning frá 1952 til 1953
Fjöldi sláturfjár:						
Dilkar í sláturhús	257.325	225.725	239.659	216.123	223.471	3,4%
Fullorðið fé í sláturhús	63.886	38.301	41.642	30.577	8.077	÷ 73,6%
Samtals	321.211	264.026	281.301	246.700	231.548	÷ 6,1%
Kjötframleiðsla:						
Dilkakjöt í sláturhús ... tonn	3.464	3.253	3.369	3.153	3.331	5,6%
Kjöt af fullorðnu í sláturhús .. tonn	1.283	810	804	599	183	÷ 69,4%
Samtals tonn	4.747	4.063	4.173	3.752	3.514	÷ 6,3%
Meðalþungi dilka (haustslátrun) .. kg	13,47	14,47	14,14	14,62	14,93	2,1%
Gæruframleiðsla ... 1000 stk.	435	356	388	326	296	÷ 9,2%
Ullarframleiðsla ... tonn	374	401	365	353	414	17,3%

nokkuð getið einstakra liða fjárfestingarinnar.

Jarðrækt. Nýrækt var mjög mikil á árinu 1953, eins og eftirfarandi tölur sýna, og hefur hún farið jafnt og þétt vaxandi á síðari árum.

	Nýrækt	*Túnasléttur*	*Matjurtagarðar*
	ha.	*ha.*	*ha.*
1949	1.343	710	39
1950	2.179	561	158
1951	2.529	675	92
1952	2.599	606	106
1953	2.989	442	138

Framkvæmdir á vegum Landnáms ríkisins eru meðtaldar á töflunni.

Á árinu 1953 voru 44 skurðgröfur í notkun, 30 á vegum vegasjóðs, 4 hjá Landnámi ríkisins og 10 hjá ræktunarsamböndum. Skurðgröftur var meiri en nokkru sinni fyrr, en eftirfarandi tölur sýna hann síðustu fimm árin.

	Lengd í kilómetrum	*Rúmmál í þús. m³*	*Kostnaður í þús. kr.*
1949	473,6	1.773,4	3.404,9
1950	574,7	2.173,0	4.932,8
1951	506,5	1.998,0	5.914,1
1952	651,3	2.532,8	8.065,1
1953	705,7	2.903,0	9.426,6

Nýbýlastjórn samþykkti á árinu stofnun 84 nýbýla og heimilaði einnig aðstoð við endurreisn byggðar á 35 eyðijörðum.

Framkvæmdir Landnáms ríkisins voru heldur minni en árið áður, en 2. tafla sýnir, hve miklu kostnaður við þær hefur numið frá upphafi.

Útgjöld ríkissjóðs vegna jarðræktarlaganna námu alls 10,9 millj. kr. á árinu 1953 vegna jarðabóta, sem mældar voru árið áður.

Búvélaeign. Minna var flutt inn af landbúnaðartækjum 1953 en árið áður, eins og sést af 3. töflu. Ekki eru til tölur um heildarbúvélaeign bænda, en áætlun er til um búvélaeignina 1945, og sé innflutningi véla síðan bætt við hana, fæst nokkur hugmynd um búvélaeignina í árslok 1953, en þó þyrfti að draga þar frá þær vélar, sem gengið hafa úr skaftinu á þessum tíma. Á árinu 1953 voru veitt leyfi til, að 85 jeppar yrðu fluttir inn til þarfa landbúnaðarins.

Bústofn. Á árinu 1953 jókst bústofn landsmanna stórkostlega, eins og 4. tafla sýnir. Mest varð aukningin á sauðfjáreigninni eða rúmlega 100.000, enda var fjárskiptum lokið og bændur óðfúsir að koma sér upp nýjum stofni, en vegna afburðagóðs

2. tafla. Kostnaður við Landnám ríkisins.

	1947—1951	*1952*	*1953*	*Samtals*
	þús. kr.	*þús. kr.*	*þús. kr.*	*þús. kr.*
Ölfus	897	174	127	1.198
Hvolsvöllur	166	105	64	335
Þinganes	492	369	59	920
Víðimýri	490	299	246	1.035
Skinnastaðir	495	325	92	912
Reykhólar	254	253	96	603
Ljósavatnshr.	165	81	214	460
Auðkúla	—	85	152	237
Fljótsdalshérað	—	—	29	29
Samtals	2.959	1.691	1.079	5.729

3. tafla. Búvélaeign Íslendinga.

	Áætluð eign	*Innflutningur*			
	1945	*1946—1951*	*1952*	*1953*	*Samtals*
Beltadráttarvélar	30	177	5	1	213
Hjóladráttarvélar	262	1.302	500	192	2.256
Dráttarvélaplógar (1—3 skera)	180	775	72	52	1.079
Dráttarvélaherfi	230	887	56	41	1.214
Dráttarvélasláttuvélar	200	1.191	475	224	2.090
Dráttarvélasnúningsvélar	—	846	—	—	846
Hestasláttuvélar	3.050	1.268	10	—	4.328
Hestarakstrarvélar	1.750	1.917	5	24	3.696
Hestasnúningsvélar	177	1.627	12	—	1.816
Mjaltavélalagnir (tala fjósa)	—	819	5	—	824

heyfengs var unnt að setja mikinn fjölda dilka á vetur.

Byggingar. Ekki eru til fullkomnar upplýsingar um byggingar í sveitum, en þó er ljóst, að mikið var byggt á árinu 1953, sérstaklega jókst bygging fjárhúsa mjög, enda fer fjárstofninn ört vaxandi. Talið er, að útihús hafi verið byggð fyrir um það bil 14 millj. kr. á árinu. Um byggingu íbúðarhúsa í sveitum verður nokkuð rætt síðar í greininni i sambandi við húsbyggingar.

Útgerð og sjávarvöruiðnaður.

Heildaraflinn var heldur meiri 1953 en árið áður, en afkoma útgerðarinnar var mjög misjöfn. Vélbátaflotinn aflaði betur á vetrarvertíð en um nokkurt skeið, og sumarsíldveiði var einnig betri og aflinn verðmeiri en undanfarið ár. Afkoma bátaútvegsins fór því frekar batnandi á árinu, enda naut hann enn góðs af bátagjaldeyrisfríðindunum. Stækkun landhelginnar virðist hafa aukið fiskgengd á grunnmiðum, en togararnir urðu hins vegar að sækja lengra til fanga en áður, og dróst afli þeirra saman um 5,5% miðað við fyrra ár, en bátaaflinn jókst um 21,2%. Fór hagur togaraflotans síversnandi á árinu.

Hér á eftir verður skýrt nánar frá einstökum þáttum útgerðarinnar og þeim breytingum, sem urðu á árinu í verkun aflans.

Þátttaka í útgerð. Á 5. töflu sést fjöldi skipa og sjómanna, er þátt tóku í veiðum í mánuði hverjum árið 1953. Meðalskipafjöldi við veiðar i mánuði hverjum var 418, en 432 árið áður. Munurinn stafar meðal annars af því, að útgerð togaranna var mjög stopul um sumarmánuðina, þar sem mikil óvissa ríkti þá um markaðshorfur. Einnig var þátttaka í sumarsíldveiðum með minnsta móti. Flokkun skipa eftir veiðiaðferðum er sýnd á 6. töflu. Miklu fleiri skip stunduðu nú þorskveiðar með lóð og netjum, og komst tala þeirra upp í 545 í maí, en flest urðu þau 380 í maí árið áður. Síðan landhelgin var stækkuð, hefur dragnótaveiði lagzt niður að mestu. Í ágúst, þegar flest var, voru

4. tafla. Bústofn samkvæmt búnaðarskýrslum í árslok 1949—1953.

	Sauðfé	*Nautgripir*	*Hross*
1949	401.869	43.041	41.812
1950	415.544	44.505	42.280
1951	410.894	43.842	41.411
1952	443.466	42.923	37.992
1953	544.378	45.384	38.072

5. tafla. Tala fiskiskipa og fiskimanna í hverjum mánuði 1953 og 1952.

	Tala skipa 1953								*1952 samtals*	
	Togarar	*Línugufuskip*	*Mótorbátar yfir 12 tonn*	*Mótorbátar undir 12 tonn*	*Opnir vélbátar*	*Árabátar*	*Samtals*	*Tala skipverja 1953 samtals*	*Tala skipa*	*Tala skipverja*
Janúar	35	–	203	9	32	–	279	3.552	227	3.148
Febrúar	41	–	300	12	28	–	381	4.689	335	4.245
Marz	42	–	337	11	30	–	420	5.048	414	4.842
Apríl	45	–	341	19	107	–	512	5.338	499	5.279
Maí	45	–	310	32	221	–	608	5.355	518	5.094
Júní	38	–	103	39	349	3	532	3.083	459	3.197
Júlí	24	1	266	42	185	3	521	3.995	601	5.000
Ágúst	24	1	286	46	169	–	526	4.087	657	5.298
September ...	40	1	236	36	179	–	492	3.670	545	3.963
Október	40	–	108	30	109	–	287	2.483	394	3.427
Nóvember ...	42	–	133	27	79	–	281	2.837	299	2.755
Desember ...	43	–	88	16	24	–	171	2.263	231	2.451

bátar við dragnótaveiðar 10, en í júní 1949 höfðu þeir komizt upp i 132. Mikil þátttaka var í reknetjaveiði fyrir Suðvesturlandi um haustið, og í nóvember veiddist allmikið af



Heildaraflinn 1944—1953 í þúsundum tonna.

síld í nætur í Grundarfirði, en sú veiði stóð ekki lengi.

Aflabrögð. Heildaraflinn jókst um nærri 8% frá árinu áður, og stafaði aukningin eingöngu af meiri síldveiði, en aflinn á þorskveiðum dróst lítið eitt saman. Skiptingu aflans á fisktegundir má sjá á VI. töflu að aftan, en 7. tafla sýnir skiptingu aflans eftir verkunaraðferðum síðastliðin fimm ár. Hafa orðið mjög miklar sveiflur í þessu efni frá ári til árs.

Verkun aflans á þorskveiðum. Miklar breytingar hafa orðið á verkun aflans á þorskveiðum siðan í lok síðustu styrjaldar. Ísfisksútflutningur er nú orðinn hverfandi lítill, en var áður stærsti þáttur fisksútflutningsins. Í stað hans hefur freðfiksframleiðslan aukizt mjög og saltfisksverkun vaxið upp að nýju, eftir að hinir gömlu markaðir opnuðust aftur. Loks hefur fiskherzla hafizt í stórum stíl síðustu tvö árin, en góðir markaðir hafa unnizt fyrir þá framleiðslu i suðurlöndum. Verður fyrst skýrt frá einstökum þáttum fisksverkunarinnar og framleiðslu úr öðrum fiski en síld.

Ísfiskur. Framleiðsla á ísuðum fiski til útflutnings dróst mjög mikið saman á árinu 1953 og er nú aðeins lítið brot af því,

6. tafla. Veiðiaðferðir stundaðar af fiskiskipum á öllu landinu í hverjum mánuði 1953.

	Botnvörpuveiði í salt	Botnvörpuveiði í ís	Karfaveiði	Þorskveiðar með lóð og netum	Dragnótaveiði	Síldveiðar m/ herpinót	Síldveiðar m/ reknetum	Ýmsar veiðar	Samtals
	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa	Tala skipa
Janúar	22	13	–	239	–	–	–	5	279
Febrúar	16	25	–	328	–	–	–	12	381
Marz	16	30	2	360	–	–	–	12	420
Apríl	21	34	–	450	–	–	–	7	512
Maí	17	43	–	545	–	–	–	3	608
Júní	24	34	3	444	3	–	10	14	532
Júlí	14	6	2	258	9	154	61	17	521
Ágúst	12	3	4	235	10	146	101	15	526
September	9	23	7	244	7	–	188	14	492
Október	11	18	13	184	2	–	46	13	287
Nóvember	9	22	11	182	–	45	1	11	281
Desember	8	35	–	112	–	6	–	10	171

sem var fyrir nokkrum árum. Meginorsökina er að finna í löndunarbanni því, sem brezkum togaraeigendum tókst að koma á íslenzkan togarafisk á árinu 1952 eftir stækkun landhelginnar. Að visu var tilraun gerð til að brjótast inn á brezka markaðinn haustið 1953, en hún mistókst, og fóru þangað aðeins sjö farmar af fiski. Samdráttur ísfisksútflutninggsins stafar þó ekki eingöngu af löndunarbanninu, heldur einnig af lágu fiskverði og hagkvæmari mörkuðum fyrir aðrar fiskafurðir, enda var útflutningur ísfisks til Bretlands farinn að minnka verulega löngu áður en löndunarbannið var sett. Af lokun brezka markaðsins hefur þó leitt mikla erfiðleika fyrir togaraútgerðina.

Freðfisksframleiðslan. Afturkippur varð

7. tafla. Hagnýting fiskaflans 1949—1953.

	1949 tonn	1950 tonn	1951 tonn	1952 tonn	1953 tonn
Ísfiskur	142.227	32.178	52.300	28.755	8.216
Fiskur til frystingar	77.872	57.041	93.183	124.892	105.905
Fiskur í herzlu	59	493	6.832	14.715	78.995
Fiskur og síld í niðursuðu	271	86	125	339	307
Fiskur til söltunar	42.362	99.343	63.007	127.103	95.149
Síld til söltunar	17.387	27.257	20.090	16.185	31.182
Síld til beitufrystingar	7.950	7.272	5.060	8.085	11.243
Síld í verksmiðjur	46.003	27.171	59.360	7.677	27.093
Annar fiskur í verksmiðjur	—	70.076	67.460	6.582	1.435
Annað	3.191	2.110	3.238	2.427	3.145
Samtals	337.322	323.027	370.655	336.760	362.670



Hlutfallsleg skipting aflans á þorskveiðum eftir verkun.

í framleiðslu freðfisks á árinu 1953, og fór 15% minna magn af fiski í frystingu en árið áður. Þessi þróun stafaði af því, að mjög erfitt var um sölu á freðfiski síðara hluta árs 1952 og fyrra helming árs 1953. Rættist ekki úr þessu, fyrr en gerður var samningur um sölu mikils magns af freðfiski til Rússlands í ágúst 1953. Freðfisksframleiðslan síðustu fimm árin er sýnd á 9. töflu. Er það athyglisvert við hana, hve mjög framleiðslan á frystum flatfiski hefur minnkað seinustu tvö árin.

Saltfisksverkun. Framleiðsla saltfisks dróst einnig saman á árinu 1953, vegna þess að þrengra var á mörkuðum en áður. Sérstaklega munaði miklu, að árið 1952 höfðu togararnir flutt út mikið magn af óverkuðum saltfiski til hafna í Danmörku og Bretlandi. Voru farnar 52 slíkar söluferðir árið 1952, en aðeins 12 í fyrra. Framleiðsla á óverkuðum saltfiski minnkaði mjög mikið, eins og 10. tafla sýnir, en hins vegar jókst framleiðsla á fullverkuðum fiski allverulega, einkum vegna aukinnar sölu til Brazilíu. Á töflunni er öll framleiðsla umreiknuð í fullverkaðan fisk, og gefur það nokkra hugmynd um þróunina frá ári til árs, enda þótt slíkur umreikningur geti aldrei orðið nákvæmur.

Harðfiskur. Á árinu 1952 opnuðust góðir markaðir fyrir harðfisk, einkum í nýlendum Breta í Vestur-Afríku. Vegna þess, hve erfitt var um sölu bæði á saltfiski og freðfiski og ísfisksmarkaðurinn í Bretlandi þar að auki lokaður, var þetta tækifæri gripið fegins hendi. Framleiðsla skreiðar rúmlega fjórfaldaðist miðað við árið áður, eins og 11. tafla sýnir, enda var mikil fjárfesting á árinu í fisktrönum og hjöllum.

Mjöl og lýsi. Framleiðsla fiskimjöls var svipuð og árið áður, en nú er svo komið, að meginhluti fisksúrgangsins er nýttur á þennan hátt, og hefur framleiðslan vaxið mjög á síðustu árum. Karfamjölsframleiðslan er hins vegar miklu minni en var árin 1950 og 1951, enda er nú yfirleitt eingöngu úrgang-

9. tafla. Freðfisksframleiðsla 1949—1953.

	Framleiddur bolfiskur	*Framleiddur flatfiskur*	*Samtals*
	tonn	*tonn*	*tonn*
1949	25.462	4.390	29.852
1950	17.467	2.440	19.907
1951	27.491	3.084	30.575
1952	36.111	979	37.090
1953	31.174	294	31.468

10. tafla. Saltfisksframleiðsla 1949—1953.

	Fullverkaður fiskur	*Óverkaður fiskur*	*Heildarframleiðsla umreiknuð í fullverkaðan fisk*
	tonn	*tonn*	*tonn*
1949	180	19.574	14.158
1950	11.433	25.120	33.104
1951	6.060	19.843	20.993
1952	6.861	46.306	42.367
1953	9.537	26.306	31.672

11. tafla. Harðfisksframleiðsla 1949—1953.

	Móttekinn fiskur	*Áætluð framleiðsla*
	tonn	*tonn*
1949	59	10
1950	493	84
1951	6.832	1.160
1952	14.715	2.500
1953	78.995	13.420

8. tafla. Ísfisksframleiðsla 1949—1953.

	Fjöldi söluferða			*Aflamagn í tonnum*		
	togarar	*bátar*	*samtals*	*togarafiskur*	*bátafiskur*	*samtals*
1949	436	118	554	132.693	9.534	142.227
1950	125	63	188	30.123	2.055	32.178
1951	232	36	268	51.475	825	52.300
1952	135	1	136	28.917	83	29.000
1953	38	—	38	8.216	—	8.216

ur settur í verksmiðjur, þar sem ágætir markaðir hafa unnizt fyrir fryst karfaflök. Framleiðsla fiskimjöls, karfamjöls og ufsamjöls er sýnd á 12. töflu, en karfa- og ufsalýsis á 13. töflu.

Þorskalýsisframleiðslan jókst lítið eitt á árinu 1953, eins og 14. tafla sýnir. Einnig sýnir taflan framleiðslu kaldhreinsunarstöðvanna undanfarin fimm ár. Ekki eru enn til neinar heildartölur um lifraraflann á árinu 1953, en lifrarafli bátaflotans nam 8.202 þús. lítrum og nýting hans 58,2%, en 59,4% árið áður.

Síldveiðar. Þátttaka í sumarsíldveiðum varð mun minni en undanfarin ár, enda hafði verið alger aflabrestur sumarið 1952. Meðalafli varð þolanlegur, eftir því sem verið hefur síðustu árin, enda þótt hann hafi verið mjög lítill í samanburði við veiði þá, sem áður var fyrir Norðurlandi. Á 15. töflu eru tölur, er sýna þátttöku í sumarsíldveiðum og afla síðustu fimm árin. Síldveiðar sunnan lands og vestan voru mjög stundaðar um haustið, og var veiði sæmileg. Þegar flest var, voru um 150 skip við þessar veiðar. Í nóvember var um tíma góð veiði í herpinætur í Grundarfirði, og veiddust um 28 þús. mál í bræðslu.

Verkun síldaraflans er sýnd á 16. töflu. Fór mjög mikil síld til söltunar fyrir norðan, og fékkst þar af leiðandi óvenjulega gott verð fyrir aflann, svo að afkoma sildveiðiflotans varð mun betri en aflatölurnar gefa til kynna. Hins vegar var síldin, sem veiddist sunnan lands, yfirleitt mjög smá, svo að söltun þar varð miklu minni en við hafði verið búizt.

Bræðslusíldaraflinn varð litill á árinu, og

12. tafla. Framleiðsla fiskimjöls, karfamjöls og ufsamjöls 1949—1953.

	Fiskimjöl *tonn*	*Karfamjöl* *tonn*	*Ufsamjöl* *tonn*	*Samt.* *tonn*
1949	6.621	—	24	6.645
1950	8.269	12.737	1.550	22.556
1951	10.417	16.897	603	27.917
1952	15.319	5.083	1.069	21.471
1953	15.153	5.356	52	20.561

13. tafla. Framleiðsla karfa- og ufsalýsis 1949—1953.

	Karfalýsi *tonn*	*Ufsalýsi* *tonn*	*Samt.* *tonn*
1949	—	—	—
1950	3.145	500	3.645
1951	3.972	154	4.126
1952	1.695	369	2.064
1953	1.871	9	1.880

14. tafla. Þorskalýsisframleiðsla 1949—1953.

		1949	*1950*	*1951*	*1952*	*1953*
Lýsisframleiðsla	tonn	7.803	6.647	7.385	10.980	11.378
Framleiðsla kaldhreinsunarstöðva:						
Kaldhreinsað meðalalýsi	tonn	1.484	1.020	715	1.025	1.393
Ókaldhreinsað lýsi	tonn	6.224	4.862	6.052	9.092	9.346
Annað lýsi	tonn	77	74	42	43	30
Tylgi	tonn	138	517	314	986	577

15. tafla. Þátttaka í sumarsíldveiðum og meðalafli 1949—1953.

	1949	*1950*	*1951*	*1952*	*1953*
Tala skipa	199	240	208	176	163
Heildarrúmlestatala, brúttó	16.878	20.560	19.855	18.652	14.767
Tala skipverja	2.840	3.209	2.824	2.375	2.099
Tala herpinóta	198	235	206	176	163
Heildarafli, mál og tunnur	444.599	230.263	444.990	69.996	281.525
Meðalafli á skip, mál og tunnur	2.245	980	2.139	398	1.727

voru flestar síldarverksmiðjur landsins lítið sem ekkert starfræktar. Langmest kom á land af bræðslusíld á Raufarhöfn eða 94 þús. hl. Af bræðslusíldaraflanum komu 201 þús. hl á land norðan lands og austan, en 100 þús. hl sunnan lands og vestan.

Meira var fryst af síld árið 1953 en nokkru sinni fyrr. Eins og 16. tafla sýnir, nam frysting síldar alls rúmlega 11 þús. tonnum, en þar af komu 10,3 þús. tonn á land sunnan lands. Af freðsíldinni voru 4,9 þús. tonn fryst til útflutnings, en það, sem eftir var, var notað til beitu innan lands.

Hvalveiðar. Hvalveiðar voru stundaðar úr Hvalfirði á sama hátt og undanfarin ár, og varð afli heldur betri en árið áður, en mun lakari en árin þrjú þar á undan, eins og 17. tafla sýnir. Taflan sýnir einnig framleiðslu hvalafurða, en hún jókst lítið eitt. Mun meira var framleitt af búrhvalslýsi en nokkru sinni áður, en minna af öðru lýsi. Meginhluti hvalkjötsins er nú nýttur, og hefur það verið selt bæði á innanlandsmarkað og til Bretlands.

Fjárfesting í útgerð. Upplýsingar um fjárfestingu í útgerð og sjávarvöruiðnaði eru af skornum skammti. Óhætt mun þó að segja, að hún hafi ekki verið mikil árið 1953. Lítil aukning varð á fiskiflotanum, en um það verður rætt hér á eftir. Hins vegar var þó nokkuð byggt af fiskverkunarhúsum og fisktrönum. Rúmmál nýrra fiskverkunarhúsa, er byggð voru í kaupstöðum og kauptúnum árið 1953, nam alls 48 þús. m³. Flestar þessar byggingar munu hafa verið þurrkhús og skemmur, en þó er vitað, að á þremur stöðum voru reistar fiskimjölsverksmiðjur, en þrjú hraðfrystihús voru byggð og eitt stækkað. Eitt þessara hraðfrystihúsa var byggt á Siglufirði upp úr gamalli mjölskemmu og er það ekki talið með í tölunni um rúmmál nýrra húsa.

Aukning skipastólsins.

Skipasmíðar. Skipasmíðar hafa verið mjög litlar undanfarin ár, en í fyrra fóru þær að glæðast, eins og 18. tafla sýnir. Að vísu nam nýsmíði á árinu 1953 aðeins 180 rúmlestum, og voru það allt litlir bátar, 8 lestir og minni, nema einn vélbátur 39 lestir að stærð. Hins vegar voru í smíðum um áramót skip, sem samtals verða 606 lestir að stærð, þar á meðal fyrsta stálskip, sem smíðað er hér á landi: 200 lesta dráttarbátur fyrir Reykjavíkurhöfn. Auk þess voru í smíðum 7 vélbátar, 38—57 rúmlestir hver að stærð.

17. tafla. Hvalveiðar og hvalafurðir 1949—1953.

	1949	1950	1951	1952	1953
Aflamagn:					
Langreyðar . .	249	226	312	224	207
Steypireyðar .	33	28	11	14	5
Sandreyðar . .	12	—	2	25	70
Hnúfubakar .	2	—	1	—	2
Búrhvalir . . .	28	11	13	2	48
Framleiðsla i tonnum:					
Hvallýsi	1.767	1.985	2.276	1.601	1.274
Búrhvalslýsi .	242	105	110	18	448
Hvalkjöt . . .	600	25	44	1.973	1.737
Rengi	200	75	86	127	103
Hvalmjöl	530	499	864	516	605

16. tafla. Síldarmóttaka og framleiðsla síldarafurða 1949—1953.

	Bræðslusíld			Síldarsöltun			
	Móttekin bræðslusíld mál	Framleitt síldarlýsi tonn	Framleitt síldarmjöl tonn	Norðurlandssíld tunnur	Suðurlandssíld tunnur	Síldarsöltun samtals tunnur	Fryst síld tonn
1949	340.763	7.631	8.130	86.156	42.968	129.124	7.950
1950	191.099	4.328	4.955	55.561	131.708	187.269	7.099
1951	437.616	11.746	10.225	87.192	66.596	153.788	4.998
1952	56.864	1.366	1.800	49.463	70.510	119.973	8.112
1953	200.698	4.960	5.453	174.564	56.410	230.974	11.269

Fiskiskipaflotinn. Togaraflotinn stóð í stað á árinu 1953, en lítils háttar aukning varð á bátaflotanum. Auk þeirrar nýsmíði, sem þegar hefur verið sagt frá, voru smíðaðir þrír bátar í Danmörku fyrir Íslendinga, sem voru 30, 36 og 52 lestir að stærð, en einn 59 lesta bátur var keyptur notaður til landsins. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytinguna á bátaflotanum á árinu 1953:

	Rúmlestir
Smíði innan lands	180
Innfluttir bátar	177
Viðbót samtals	357
Útstrikað af skipaskrá	256
Aukning flotans á árinu	101

Loks komu til landsins á árinu þrír vélbátar, einn 46 og tveir 47 tonn, en þeir voru ekki teknir á skipaskrá fyrr en eftir áramót. Samanlagt verð allra báta, sem inn voru fluttir á árinu, nam 4,2 millj. kr.

Farskipastóllinn. Tvö ný vöruflutningaskip bættust í flotann á árinu, og voru þau samtals 1.818 brúttólestir að stærð.

18. tafla. Smíði skipa og báta innan lands 1952 og 1953.

	Tala skipa	*Rúmlestir brúttó*
Skip smíðuð 1952	32	156
Skip smíðuð 1953	42	180
Skip í smíðum í árslok 1952	4	33
Skip í smíðum í árslok 1953	21	600

Í júní kom til landsins vélskipið Disarfell, sem smíðað hafði verið í Hollandi fyrir Samband islenzkra samvinnufélaga Er það 642 brúttólestir að stærð og kostaði 8,5 millj kr.

Eimskipafélag Íslands fékk eitt nýtt skip á árinu, Tungufoss, sem smíðaður var í Danmörku. Er hann 1.176 lestir brúttó að stærð, og var kaupverðið 13,4 millj. kr.

Iðnaðarframleiðsla.

Hagfræðideild Landsbankans hefur ekki að þessu sinni safnað upplýsingum um framleiðslu i iðnaði, þar sem Hagstofa Íslands hefur tekið sér fyrir hendur að gera fullkomnar skýrslur um iðnaðarframleiðslu árið 1953, en niðurstöður þeirra munu birtar i Fjármálatíðindum, þegar þær liggja fyrir. Í sambandi við framleiðslu sjávarafurða hefur verið sagt frá sjávarvöruiðnaði, og

20. tafla. Orkuvinnsla allra almenningsrafveitna á landinu 1949—1953 í milljónum kílówattsstunda.

	Vatnsafls-stöðvar	*Gufuafls-stöðvar*	*Dísil-stöðvar*	*Samtals*
1949	160	13	7	180
1950	166	18	8	192
1951	169	31	9	209
1952	175	30	10	215
1953	197	22	10	229

19. tafla. Framleiðsla á innlendum tollvörutegundum 1949—1953.

		1949	*1950*	*1951*	*1952*	*1953*
Maltöl	lítrar	344.113	79.799	299.150	380.785	506.342
Annað óáfengt öl	lítrar	690.624	766.552	700.270	537.609	620.479
Ávaxtasafi	lítrar	48.202	44.384	19.911	13.145	15.457
Ávaxtasulta	kg	15.426	3.381	5.927	4.206	3.270
Gosdrykkir	lítrar	1.720.208	1.587.597	1.220.506	1.231.071	1.595.943
Sódavatn	lítrar	69.006	57.922	59.516	62.741	76.670
Kaffibætir	kg	227.237	258.756	232.117	154.104	216.257
Súkkulað, suðu	kg	43.344	27.823	69.191	54.204	79.743
Átsúkkulað	kg	50.487	14.627	48.373	64.217	103.448
Brjóstsykur	kg	141.956	138.312	71.727	67.964	86.783
Konfekt	kg	392.736	120.705	86.724	58.658	96.546
Karamellur	kg	50.372	58.784	48.200	52.600	65.332
Lakkrís	kg	19.522	19.354	13.321	21.479	25.952

á öðrum stöðum í greininni er skýrt frá skipasmíðum og byggingarframkvæmdum.

Framleiðsla innlendra tollvörutegunda fór allmikið vaxandi á árinu 1953, eins og 19. tafla sýnir. Hið sama má vafalaust segja um flestar iðngreinar, enda þótt engar endanlegar tölur séu fyrir hendi.

Raforkuvinnsla hefur farið jafnt og þétt vaxandi undanfarin ár, eins og 20. tafla sýnir. Síðast á árinu tóku hin nýju orkuver við Sog og Laxá til starfa, en þau fóru ekki að hafa veruleg áhrif á orkuvinnsluna fyrr en komið var fram á þetta ár.

Heildarfjárfesting.

Gífurleg fjárfesting átti sér stað á árinu 1953, en ekki eru til neinar nákvæmar tölur um það, hve miklu hún hefur numið að öllu samanlögðu. Á öðrum stöðum í þessari grein er rætt um hina ýmsu þætti fjárfestingar, en þar sem upplýsingar vantar um margt, er ekki hægt að birta neina heildartölu. Hin mikla fjárfesting stafaði meðal annars af því, að í byggingu voru tvær stórvirkjanir og áburðarverksmiðja, en einnig var mikil fjárfesting á öðrum sviðum, t. d. í landbúnaði og húsbyggingum.

Fjárhagsráð hafði yfirstjórn fjárfestingarmála með höndum, og voru reglur þær, sem giltu um úthlutun leyfa, að mestu óbreyttar frá fyrra ári. Leyfi til að byggja smáíbúðarhús voru veitt sjálfkrafa, ef Fjárhagsráð hafði samþykkt teikningar þeirra.

Nokkra hugmynd um fjárfestinguna á árinu er hægt að fá af 21. töflu, er sýnir upphæð leyfisveitinga Fjárhagsráðs. Heildarfjárfesting í þjóðfélaginu mun þó líklega hafa verið allmiklu meiri en þetta. Ekki þarf fjárfestingarleyfi til allra framkvæmda, t. d. ekki til jarðræktar. Einnig er aukning bústofns og birgða ekki með talið eða kaup véla og ýmis konar tækja.

Í árslok var Fjárhagsráð lagt niður. Bygging íbúða allt að 520 rúmmetrum að stærð var þá gefin frjáls, en aðrar leyfisveitingar voru fengnar Innflutningsskrifstofunni í hendur.

Opinberar framkvæmdir.

Raforkuframkvæmdir. Fjárfesting vegna raforkuframkvæmda var gifurlega mikil á árinu 1953, og er áætlað, að hún hafi numið 100 millj. kr.

Langmikilvægastar þessara framkvæmda voru virkjanir Sogs og Laxár, en þeim var báðum lokið í októbermánuði. Áfallinn kostnaður á árinu vegna þessara virkjana og bygginga háspennulína í sambandi við þær var sem hér segir: Sogsvirkjun 50 millj. kr. og Laxárvirkjun 20 millj. kr. Endurbætur dreifikerfa á Akureyri kostuðu 2 millj. kr. á árinu og í Reykjavík 7 millj. kr. Írafossstöðin í Sogi framleiðir 33.000 kw orku, en Laxárvirkjunin nýja 8.000 kw.

Kostnaður við framkvæmdir á vegum raf-

21. tafla. Fjárfestingarleyfisveitingar 1948—1953.

	1948 millj. kr.	1949 millj. kr.	1950 millj. kr.	1951 millj. kr.	1952 millj. kr.	1953 millj. kr.
Íbúðarhús	163	169	164	198	253	323
Útihús	13	20	24	38	44	57
Verzlunarhús	8	6	6	6	8	12
Olíustöðvar	1	8	9	3	11	7
Iðnfyrirtæki	8	7	7	6	6	14
Framleiðslufyrirtæki	37	33	27	16	15	26
Opinberar byggingar	35	37	23	18	43	47
Opinberar framkvæmdir	62	79	104	199	262	281
Samtals	327	359	364	484	642	767
Kostnaður á verðlagi ársins 1953	618	642	554	574	655	767

magnsveitna ríkisins nam 8,3 millj. kr. á árinu, en framkvæmdir héraðsveitna ríkisins 4,8 millj. kr. Helztu framkvæmdir voru þessar: virkjun við Hólmavík. sem tók til starfa í desember 1953; virkjun Fossár á Snæfellsnesi, sem tók til starfa á þessu ári; og bygging háspennulínu frá Elliðaám til Hafnarfjarðar. Auk þess var unnið að dreifikerfum víðs vegar um land, t. d. voru lagðar línur frá Fossárvirkjun til Hellissands og Ólafsvíkur og frá Þverárvirkjun til Hólmavíkur. Línur voru lagðar víða um sveitir landsins, og fengu alls 80 ný býli rafmagn frá héraðsveitunum á árinu, og er þá tala býla, sem fengið hafa rafmagn frá þeim, komin upp í 490, en auk þess eru um 250 aðrir notendur i sveitum.

Loks var unnið að ýmsum raforkuframkvæmdum á vegum bæjar- og sveitarfélaga. Miklar endurbætur voru gerðar á dreifikerfum bæði á Akureyri og í Reykjavík, eins og fyrr getur. Unnið var að vélaaukningu Skeiðsfossvirkjunar úr 1.600 í 3.200 kw, og var því lokið síðastliðinn ágúst. Ný dísilsamstæða, 920 kw, var sett upp í Vestmannaeyjum í stað annarrar minni, er brotnaði. Á Raufarhöfn voru settar upp tvær dísilsamstæður með 120 kw orku, en ein í Stykkishólmi með sömu orku. Minni framkvæmdir og endurbætur á dreifikerfum voru gerðar víða um land.

Heildarafl allra orkustöðva landsins, sem selja rafmagn til almenningsþarfa, jókst um 39 þús. kw á árinu 1953 eða um rúmlega 86%, eins og 22. tafla sýnir.

Áburðarverksmiðjan. Byggingu áburðarverksmiðjunnar miðaði mjög vel áfram á árinu, og var henni lokið snemma á þessu ári. Kostnaður af byggingarframkvæmdum á árinu 1953 nam alls 79,1 millj. kr.

Sementsverksmiðjan. Haldið var áfram undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar og hafið sandnám í Faxaflóa i tilraunaskyni. Alls var dælt á land 212 þús. tonnum af skeljasandi þá tvo mánuði, sem sanddæluskipið, sem leigt var hingað til lands, starfaði. Kostnaður við framkvæmdir á árinu nam rúmum sex millj. kr.

Vegagerð. Útgjöld til vegagerðar og viðhalds á árinu 1953 á vegum vegagerðar ríkissjóðs voru allmíklu meiri en árið áður, eins og eftirfarandi tölur sýna (í millj. kr.):

	1951	*1952*	*1953*
Til nýrra akvega	7,6	9,3	11,3
Til nýrra brúa	5,9	7,0	10,9
Til viðhalds þjóðvega	20,2	19,4	24,0
Til sýsluvega	2,5	2,6	4,2
Ýmis kostnaður og orlofsfé	2,5	3,2	3,7
Samtals	38,7	41,5	54,1

Tala unninna dagsverka við vega- og brúargerð var 110 þús. miðað við 10 stunda vinnudag, en 92 þús. árið áður.

Hafnargerð. Kostnaður við hafnarframkvæmdir á árinu 1953 mun hafa numið 22,8 millj. kr. á árinu 1953. Kostnaður framkvæmda á vegum vita- og hafnarmálastjórnarinnar nam 20.139 þús. kr., og voru framkvæmdir mestar á eftirtöldum stöðum (í þús. kr.): Akranes 2.430, Flateyri 2.000, Höfn í Hornafirði 1.600, Rif á Snæfellsnesi 1.400, Þorlákshöfn 1.200, Keflavík og Njarðvík 1.100. Auk þess var kostnaður við hafnarframkvæmdir í Reykjavík 2.617 þús. kr.

Flugvallagerð. Fjárfesting í flugvallaframkvæmdum nam alls 2,4 millj. kr. á árinu 1953, en árið áður nam hliðstæður kostnaður 1,6 millj. kr. Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eru að sjálfsögðu ekki með taldar. Kostnaður af viðhaldi flugvalla var 2,0 millj. kr.

Vatnsveitur. Ekki eru til heildartölur um vatnsveituframkvæmdir á árinu 1953, en þær hafa numið að minnsta kosti eitthvað á sjöttu milljón króna. Ríkissjóður ábyrgðist lán til vatnsveitugerðar að upphæð 1.875 þús. kr., og auk þess veitti hann

22. tafla. Framleiðslugeta almenningsraforkustöðva i þús. kw.

Árslok	*Vatnsaflsstöðvar*	*Gufuaflsstöðvar*	*Dísilstöðvar*	*Samtals*
1949	31,0	7,5	5,0	43,5
1950	30,9	7,5	5,9	44,3
1951	30,8	7,5	6,7	45,0
1952	30,8	7,5	6,8	45,1
1953	70,7	7,5	6,9	85,1

452 þús. kr. óafturkræfa styrki í sama skyni til sveitarfélaga. Loks var kostnaður við vatnsveituframkvæmdir Reykjavíkurbæjar 2.769 millj. kr.

Byggingarframkvæmdir ríkisins. Mikill fjöldi bygginga var í smiðum á vegum ríkisins á árinu, enda þótt þær hafi verið færri en oft að undanförnu. Hér verður aðeins getið nokkurra hinna helztu. Unnið var að byggingu gagnfræðaskóla á Siglufirði og í Vestmannaeyjum, heimavistarhúsi Menntaskólans á Akureyri og iðnskóla í Reykjavík. Steyptur var upp rektorsbústaður fyrir Menntaskólann í Reykjavík og byrjað að grafa grunn að nýju skólahúsi. Lokið var við sjúkrahús á Akureyri og elliheimili í Hafnarfirði og unnið að fávitahæli i Kópavogi. Auk þess var unnið að mörgum smærri byggingum víðs vegar um land, svo sem kirkjum, barnaskólum, leikfímishúsum, sundlaugum og embættismannabústöðum.

Framkvæmdir Reykjavíkurbæjar. Auk þeirra framkvæmda, sem þegar hefur verið getið, var ný fjárfesting á vegum Reykjavíkurbæjar nærri 25 millj. kr. á árinu 1953. Helztu framkvæmdir voru þessar ásamt kostnaði á árinu í millj. kr.: hitaveituframkvæmdir 1,6, gatnagerð 9,9, bygging heilsuverndarstöðvar 4,9, skólahús 2,2, smíði dráttarbáts 1.6 og framkvæmdir bæjarútgerðar 2,3. Til viðhalds gatna í Reykjavík var varið 5,3 millj. kr.

Húsbyggingar.

Hagfræðideild Landsbankans hefur reynt að safna allmiklu fullkomnari skýrslum um

23. tafla. Byggingarframkvæmdir í kaupstöðum og kauptúnum 1953.

	Íbúðarhús						
	Tala húsa						
	Steinhús	*Timburhús*	*Samtals*	*Tala íbúða*	*Rúmmál m³*	*Aðrar byggingar rúmmál m³*	*Nýbyggingar samtals rúmmál m³*
Reykjavik	215	6	221	349	124.215	53.068	177.283
Aðrir kaupstaðir	170	2	172	229	79.134	63.925	143.059
Kauptún	156	14	170	209	62.101	52.946	115.047
Samtals	541	22	563	787	265.450	169.939	435.389



24. tafla. Nýbyggingar, sem lokið var við á árinu 1953 í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsskyldum stöðum.

	Tala íbúðarhúsa	Tala íbúða	Rúmmál annarra bygginga m³
I. Reykjavík	221	349	53.068
II. Aðrir kaupstaðir:			
Akranes	17	19	3.162
Akureyri	33	36	10.533
Hafnarfjörður	29	38	21.505
Húsavík	3	3	1.493
Ísafjörður	4	20	2.075
Keflavík	50	66	1.000
Neskaupstaður	6	10	—
Ólafsfjörður	1	2	1.273
Sauðárkrókur	1	1	—
Seyðisfjörður	1	2	5.968
Siglufjörður	5	10	—
Vestmannaeyjar	22	22	16.136
Samtals II	172	229	63.145
III. Kauptún með 300 íbúa og fleiri:			
Bíldudalur	—	—	1.384
Blönduós	3	3	2.352
Bolungarvík	1	5	396
Búðareyri, Reyðarf.	3	3	—
Dalvík	1	1	3.947
Djúpivogur	3	3	1.200
Eskifjörður	—	—	3.900
Eyrarbakki	1	1	1.012
Flateyri	1	1	—
Glerárþorp	5	8	—
Grindavík	5	5	4.312
Hellissandur	—	—	2.100
Hnífsdalur	2	2	—
Hrísey	—	—	1.325
Hvammstangi	1	1	1.600
Hveragerði	3	6	—
Höfn í Hornafirði	1	1	700
Höfðakaupstaður	2	4	324
Kópavogur	70	76	2.200
Ólafsvík	—	—	2.200
Raufarhöfn	2	3	—
Sandgerði	13	13	5.347
Selfoss	21	25	4.380
Stokkseyri	—	—	801
Suðureyri	—	—	6.477
Vík í Mýrdal	2	2	—
Vopnafjörður	1	2	670
Þingeyri	1	1	—
Þórshöfn	1	2	1.200
Samtals III	143	168	47.827

húsbyggingar í kaupstöðum og kauptúnum á árinu 1953 en áður hefur verið gert. Verður hér á eftir gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra, en vegna þess, hve skýrslur frá fyrri árum eru ófullkomnar, er lítinn samanburð hægt að gera á milli ára. Þó er augljóst, að byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum hafa vaxið allmikið. Á árinu 1953 var lokið við 578 nýjar íbúðir í kaupstöðum landsins, en 460 árið áður og aðeins 398 árið 1951. Hins vegar var miklu meira byggt fyrstu árin eftir styrjöldina. Í árslok 1953 var fjárfestingarfrelsi aukið, svo að telja má, að nú sé frjálst að byggja íbúðarhús, enda hafa byggingarframkvæmdir stóraukizt á þessu ári.

Byggingarframkvæmdir í kaupstöðum og

	Tala íbúðarhúsa	Tala íbúða	Rúmmál annarra bygginga m³
IV. Kauptún með færri en 300 íbúa:			
Garðahreppur	7	8	270
Grafarnes	1	1	—
Hafnir á Reykjanesi	3	5	789
Hella á Rangárvöllum	1	1	—
Hofsós	4	6	860
Hvolsvöllur	2	2	—
Kópasker	2	3	—
Seltjarnarnes	3	10	3.200
Súðavík	1	1	—
Þorlákshöfn	3	4	—
Samtals IV	27	41	5.119
I, II, III og IV samtals	563	787	169.159

Á eftirtöldum stöðum var ekki lokið við neinar byggingar á árinu 1953:

Borgarnes	Hjalteyri
Breiðdalsvík	Hólmavík
Búðir í Fáskrúðsfirði	Kaldrananes
	Patreksfjörður
Drangsnes	Rif á Snæfellsnesi
Egilsstaðir	Stykkishólmur
Flatey á Breiðafirði	Vogar á Vatnsleysuströnd.
Grenivík	

Byggingarskýrslur bárust ekki frá eftirtöldum stöðum:

Bakkafjörður	Njarðvíkurhreppur
Garður á Reykjanesi	Stöðvarfjörður.

kauptúnum árið 1953. Heildarbyggingarframkvæmdir í kauptúnum og kaupstöðum eru sýndar á 23. töflu, en sundurliðun á einstaka kaupstaði og kauptún er sýnd á 24. töflu. Leitað var eftir skýrslum frá öllum skipulagsskyldum stöðum, og vantar aðeins skýrslur frá fjórum kauptúnum, og er þeirra getið neðanmáls á 24. töflu. Með nýbyggingum eru taldar allar viðbætur við gömul hús, sem rúmmálsaukningar hafa í för með sér, og einnig íbúðir i slikum viðbyggingum.

Sundurliðun á íbúðum eftir stærð í kaupstöðum og kauptúnum er sýnd á 25. töflu. Ekki tókst að fá slíka sundurliðun frá öllum stöðum, sem skýrslur sendu, en sums staðar hefur verið hægt að áætla hana. Hlutfallstölurnar sýna, að yfirleitt hafa verið byggðar stærstar íbúðir í Reykjavik, en smæstar í kauptúnum.

Sundurliðun annarra bygginga. Aðrar nýbyggingar en íbúðarhús eru flokkaðar á 26. töflu eftir notkun. Miðað við rúmmál ber mest á fiskverkunarhúsum og vöruskemmum, en engar haldgóðar áætlanir er hægt að gera um kostnað við þessar framkvæmdir.

Byggingar í sveitum. Engar sambærilegar upplýsingar eru til um byggingar ibúðarhúsa í sveitum landsins á árinu 1953. Nokkuð má þó ráða af lánum Byggingarsjóðs til

26. tafla. Nýbyggingar aðrar en íbúðarhús, sem fullgerðar voru 1953 í kaupstöðum og kauptúnum.

	Reykjavík m³	*Aðrir kaupstaðir m³*	*Kauptún m³*	*Samtals m³*
Verksmiðjuhús . .	8.849	3.135	3.051	15.035
Verzlunar- og skrifstofuhús . . .	11.337	9.093	7.597	28.027
Samkomuhús . . .	—	780	—	780
Skólar	1.510	—	940	2.450
Sjúkrahús	—	7.590	1.439	9.029
Fiskverkunarhús	—	17.012	30.912	47.924
Vöruskemmur . .	26.803	17.800	3.952	48.555
Vinnustofur	4.569	2.880	480	7.929
Gripa- og útihús .	—	2.006	2.929	4.935
Aðrar byggingar .	—	3.629	1.646	5.275
Samtals	53.068	63.925	52.946	169.939

25. tafla. Flokkun íbúða eftir stærð.

		Herbergi auk eldhúss						
		1	2	3	4	5	6 eða fleiri	Samtals
Reykjavík	tala	1	30	81	64	77	96	349
	%	*0,3*	*8,6*	*23,2*	*18,3*	*22,1*	*27,5*	*100,0*
Aðrir kaupstaðir *)	tala	—	7	53	59	31	13	163
	%	—	*4,3*	*32,5*	*36,2*	*19,0*	*8,0*	*100,0*
Kauptún **)	tala	2	9	49	53	11	9	133
	%	*1,5*	*6,8*	*36,8*	*39,8*	*8,3*	*6,8*	*100,0*
Samtals	tala	3	46	183	176	119	118	645
	%	*0,5*	*7,1*	*28,4*	*27,3*	*18,4*	*18,3*	*100,0*

Ath. *) Keflavík er ekki meðtalin með 66 íbúðir.
**) Kópavogur er ekki meðtalinn með 76 íbúðir.

íbúðarhúsa í sveitum, en telja má, að slík lán hafi verið veitt til allra íbúðarhúsabygginga á sveitabæjum. Nokkuð hefur að sjálfsögðu verið um aðrar byggingar í sveitum landsins, t. d. smíði embættismannabústaða. Samkvæmt upplýsingum Byggingarsjóðs voru 336 íbúðarhús i byggingu á árinu í sveitum, þar af var byrjað á 173 nýjum húsum. Nær eingöngu eru byggð einbýlishús til sveita og er liklegt, að smíði um 170 íbúða hafi verið lokið við á árinu.

Heildartala nýrra íbúða. Ekki er hægt að gefa neinar nákvæmar tölur um fjölda nýrra íbúða, sem lokið var við á árinu 1953, en öll líkindi benda til, að þær hafi verið um eitt þúsund eða rúmlega það.

Fréttaþættir

Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða — Aflabrögð og útgerð — Landbúnaður 1954 — Ríkisfjármálin — Skýrsla Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um Ísland — Viðskiptasamningar 1954 — Sparifjársöfnun skólabarna — Skráð gengi hjá Landsbanka Íslands 15. desember 1954 — Peningamarkaður. Spariinnlánin lækka.

Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða.

Verzlunarjöfnuðurinn var mjög óhagstæður frá maí til ágúst, en síðan hefur ástandið farið batnandi, og í október var útflutningur 28 millj. kr. meiri en innflutningur. Til októberloka var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 196 millj. kr., og er það mun betri afkoma en á síðasta ári, en þá var hann óhagstæður um 284 millj. kr. á sama tíma. Þetta er eingöngu því að þakka, að útflutningsverðmætið hefur aukizt um 196 millj. kr. frá því í fyrra, einkum vegna betri afla og aukinnar framleiðslu. Innflutningur hefur einnig aukizt mjög eða um 74 millj. kr.

Ef miðað er við fyrstu þrjá ársfjórðungana, hefur hinn aukni útflutningur verið að mestu leyti að þakka meiri freðfisksframleiðslu. Einnig hefur harðfisksútflutningur aukizt mjög, enda var mikið flutt út snemma á árinu af fyrra árs framleiðslu. Nokkrar breytingar hafa orðið á skiptingu útflutningsins á lönd og greiðslusvæði. Hefur hlutfallslega meira af útflutningnum farið til dollaralanda og vöruskiptalanda, en minna til landanna á E.P.U.- og sterlingsvæðinu. (Töflur I—IV aftast i heftinu sýna inn- og útflutning, það sem af er árinu.)

Greiðslujöfnuður bankanna var óhagstæður bæði annan og þriðja ársfjórðung í ár, eins og taflan á næstu síðu sýnir. Í október og nóvember hefur mjög brugðið til batnaðar, og hefur jöfnuðurinn verið hagstæð-

Útflutningur, innflutningur og greiðslujöfnuður mánaðarlega og í milljónum króna.



Gjaldeyrisviðskipti bankanna 1953 og 1954.

	1953				1954		
Keyptur gjaldeyrir:	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.
a) Andvirði útflutnings	137,6	142,1	203,1	223,5	233,3	220,1	183,9
b) Duldar tekjur	36,0	65,9	82,3	94,4	50,6	55,1	78,8
Framlög gegnum E.P.U.	—	69,4	—	—	—	—	—
Lán, endurgreiðsla o. fl.	2,9	0,2	2,1	7,5	4,6	4,9	8,0
Innkominn gjaldeyrir samtals	176,5	277,6	287,5	325,4	288,5	280,1	270,7
Útlátinn gjaldeyrir samtals	213,1	256,4	253,8	301,0	254,8	342,8	279,1
Greiðslujöfnuður	÷ 36,6	21,2	33,7	24,4	33,7	÷ 62,7	÷ 8,4

ur þessa tvo mánuði um 34,5 millj. kr. Þrátt fyrir það er líklegt, að greiðslujöfnuðurinn verði nokkru óhagstæðari í ár en í fyrra, enda þótt verzlunarjöfnuðurinn verði mun hagstæðari. Stafar þessi munur fyrst og fremst af því, að í fyrra var notað gjafafé að upphæð 104 millj. kr., en svo til ekkert í ár, auk þess er liklegt, að minna erlent lánsfé verði notað á þessu ári en í fyrra. Loks er útlit fyrir, að duldar gjaldeyristekjur muni verða nokkru minni í ár. Í lok nóvember voru, til dæmis, yfirfærslur á vegum varnarliðsins og verktaka þess orðnar 161 millj. kr. frá ársbyrjun, og er útlit fyrir, að þær verði í mesta lagi 180 millj. kr. á árinu á móti 213 millj. kr. allt árið i fyrra.

Gjaldeyriseign bankanna að frádregnum skuldum var í nóvemberlok um 9 millj. kr. meiri en á sama tíma á síðastliðnu ári. Hefur dollaraeignin aukizt um 54 millj. kr. og er nú komin upp í 182 millj. kr. Einnig hefur eignin í E.P.U.-gjaldeyri aukizt nokkuð, einkum síðustu mánuði vegna mikils útflutnings á saltfiski og skreið, en jafnframt hefur skuldin við Greiðslubandalagið sjálft hækkað. Að öllu samanlögðu hefur staðan gagnvart E.P.U.-löndum batnað um 17 millj. kr., og er skuldin við þau nú 56 millj. kr. Meginbreytingin frá því í fyrra er sú, að staðan gagnvart vöruskiptalöndunum hefur versnað um 61 millj kr. Orsakanna er einkum að leita í stórauknum skuldum við Spán og Finnland. Vegna aflabrests á síldveiðum í sumar hefur ekki verið unnt að standa við samninga um sölu saltsíldar til Finnlands, og er skuldin við það land komin yfir 30 millj. kr. Hins vegar hefur staðið á innflutningsleyfum á Spáni fyrir saltfiski, og rætist vonandi úr því bráðlega.

Ekki er auðvelt að spá neinu um þróunina á næstunni, en liklega verður útflutningur minni en að undanförnu. Birgðir af útflutningsvörum eru nú, að því er virðist, nokkru minni en á sama tíma í fyrra, sérstaklega birgðir af skreið og saltfiski, enda hefur gengið mjög greiðlega með sölu og afskipun upp á síðkastið. Hins vegar eru birgðir af freðfiski miklar, þrátt fyrir öran útflutning, og stafar það af mjög mikilli framleiðslu á karfaflökum og öðrum frystum fiski síðustu mánuði.

Aflabrögð og útgerð.

Afli á síldveiðum norðan lands og austan varð í sumar minni en nokkru sinni síðustu þrjá áratugi, að árinu 1952 einu undanskildu. Nam heildaraflinn aðeins 201 þús. málum og tunnum, en árið áður hafði aflamagnið verið 303 þús. mál og tunnur. Munurinn á aflaverðmætinu varð þó miklu meiri en þetta, þar sem aðeins 62 þús. tunnur voru nú saltaðar, en 175 þús. í fyrra. Meginorsök hins mikla aflabrests var mjög óhagstætt veður á miðunum frá miðjum júlí til loka veiðitímans.

Reknetjaveiði sunnan lands var ágæt um skeið í september, en er kom fram í október hættu flest skipin veiðum, meðal annars vegna mikils veiðarfæratjóns af völdum háhyrnings. Heildaraflinn á þessum veiðum varð 168 þús. mál og tunnur, þar af fóru 78 þús. tunnur í salt. Í fyrra var aflinn

fyrir Suðvesturlandi heldur meiri, en þá var aðeins saltað i 56 þús. tunnur. Mikið vantaði upp á, að í sumar og haust hafi verið saltað upp í gerða samninga um útflutning saltsíldar.

Þrátt fyrir aflabrest á síldveiðum var heildaraflinn á þriðja ársfjórðungi í ár nærri því eins mikill og í fyrra. Var það eingöngu því að þakka, að karfaveiðar togaranna gengu afburðavel, en við vesturströnd Grænlands fundust í sumar mjög góð karfamið. Í októberlok var karfaaflinn kominn upp í tæp 54 þús. tonn, en það er rúmlega helmingi meira en á siðasta ári.

Útgerð togaranna hefur gengið betur eftir mitt árið vegna hins ágæta afla á karfaveiðum. Einnig hafa nokkur skip siglt með ísfisk til Vestur-Þýzkalands, og voru söluferðir þangað orðnar 37 í nóvemberlok, en verðlag hefur yfirleitt verið sæmilegt og farið batnandi. Einnig var gerður samningur um sölu ísfisks til Austur-Þýzkalands, og er frá honum sagt í annarri frétt. Í nóvemberlok höfðu 4 togarar selt afla sinn samkvæmt þeim samningi.

Landbúnaður 1954.

Veðráttan hefur það, sem af er þessu ári, verið hagstæð landbúnaðinum, einkum var vorið mjög gott, svo að lambahöld urðu með ágætum um sauðburðinn. Grasspretta var mikil og nýting heyja góð viðast hvar á landinu, en þó einkum sunnan lands. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir um kartöfluuppskeruna, en samkvæmt áætlun er hún ekki talin hafa verið nema í meðallagi, þ. e. 70—80 þús. tunnur, þrátt fyrir góðar uppskeruhorfur fram eftir sumri.

Kjötframleiðslan varð meiri en mörg undanfarin ár, enda fer nú sauðfjáreignin ört vaxandi eftir fjárskiptin. Samkvæmt



tölum, sem ekki eru alveg endanlegar, var slátrað í sláturhúsum 318.466 fjár, en 231.548 árið áður. Heildarkjötmagnið af þessu fé var 4.607 tonn, og er það 1.093 tonnum meira en árið áður. Meðalþungi dilka í haustslátrun var 14,14 kg, en 14,93 kg árið áður. Dilkar reyndust rýrari á Norður- og Vesturlandi en undanfarin ár, en hins vegar vænni á Suðurlandi.



Fiskaflinn ársfjórðungslega, skipt á togara og báta og í þúsundum tonna.

Innvegin mjólk í mjólkurbú fyrstu þrjá ársfjórðunga 1954 nam 40.776 tonnum, og er það 7,4% aukning frá því, sem var á sama tímabili 1953. Sala nýmjólkur fyrstu þrjá ársfjórðunga 1954 var 17.992 þús. lítrar eða 13,6% meiri en á sama timabili árið áður. Að öðru leyti vísast til VIII. töflu aftast í heftinu um framleiðslu og sölu mjólkurafurða.

Ríkisfjármálin.

Hagur ríkissjóðs hefur staðið með blóma undanfarin tvö ár, enda hefur þenslan innan lands orðið til þess, að flestar tekjur hans hafa farið langt fram úr áætlun. Til októberloka i ár og í fyrra voru tekjur og gjöld á rekstrarreikningi sem hér segir:

	Tekjur	*Gjöld*	*Rekstrar-afgangur*
1953	363,3	306,6	56,7
1954	396,8	337,2	59,6

Afkoman hefur því verið nokkru betri en i fyrra, og er nokkurn veginn víst, að mikill rekstrarafgangur verður eftir árið. Ef til vill verður hann þó ekki eins mikill og á síðasta ári, þegar hann nam 86,6 millj. kr.

Rekstrarafkoma rikissjóðs gefur ófullkomna mynd af áhrifum ríkisfjármálanna á hagkerfið, þar sem mjög mikið er af útgjöldum utan rekstrarreiknings. Meginhluti rekstrarafgangsins í fyrra var til dæmis notaður til beinna útgjalda á eignahreyfingareikningi. Enn er of snemmt að spá nokkru um, hver útkoma verður á þessu ári, þar sem ekki hefur enn verið ákveðið, hvernig ráðstafa skuli rekstrarafgangi þeim, sem verða kann.

Á því er þó lítill vafi, að ein bezta leiðin til þess að draga úr verðþenslu þeirri, sem nú steðjar að, er að eyða sem minnstu af rekstrarafganginum og verja fénu í staðinn til þess að greiða niður lausaskuldir rikissjóðs i seðlabankanum. Slik ráðstöfun mundi gera það kleift að draga úr seðlaveltunni og auka gjaldeyrisforðann, en hvort tveggja er nauðsynlegt til að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskap vorum innan lands og utan.

Skýrsla Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um Ísland.

Efnahagssamvinnustofnunin i París (O.E.E.C.) hefur nýlega sent frá sér skýrslur um efnahagsástandið í þátttökuríkjunum. Skýrslur þessar eru byggðar á upplýsingum, sem ríkisstjórnir landanna hafa gefið, en skoðanir þær, sem þar eru fram settar, eru sameiginlegt álit allra þátttökuríkjanna.

Í skýrslunni er sagt frá þróun mála á Íslandi að undanförnu og gerðar nokkrar áætlanir um framtíðina. Meðal annars er gert ráð fyrir, að innflutningur á árinu 1955 verði nokkru minni en í ár og í fyrra og gjaldeyriseignin fari vaxandi næstu tvö árin. Ekki er rúm til að birta skýrsluna í heild, en ályktunarorð hennar eru á þessa leið:

„Síðustu átján mánuðina hefur íslenzka hagkerfið komizt í jafnvægi bæði innan lands og út á við, og nýlega hefur það starf verið hafið að safna gjaldeyrisforða. Likindi eru til þess, að þetta jafnvægi haldist, á meðan fiskafli er góður, tekjur af herafla Bandaríkjanna verulegar og markaðir í Austur-Evrópu hagstæðir.

Ástandið er þannig mjög ólikt því, sem var til ársloka 1952, en þá var innlent verðlag hækkandi og mikill halli á greiðsluviðskiptum. En það er umdeilanlegt, hvort sú tegund jafnvægis, sem náðst hefur, er hin heppilegasta, sem völ er á fyrir Ísland. Jafnvægið byggist ekki aðeins á miklum innflutningshömlum ásamt háum tollum, heldur einnig á ráðstöfunum, sem ýta undir innflutning frá ósamkeppnishæfum og gjaldeyrislega veikum löndum, en þar af leiðandi hækkar hinn raunverulegi kostnaður innflutnings þess, sem Ísland þarf að kaupa.

Sú stefna að stuðla að viðskiptum við vöruskiptalönd hefur ekki, að þvi er íslenzk yfirvöld álíta, i för með sér tjón, heldur verulegan ávinning. Í fyrsta lagi fara viðskipti þessi í vaxandi mæli fram á heimsmarkaðsverði og í þeim dæmum, er Ísland verður að greiða hærra verð fyrir innflutning frá þessum löndum, er það jafnað með

því, að hærra verð fæst þar fyrir íslenzkar útflutningsvörur en hægt er að fá annars staðar. Og í öðru lagi, þó að svo kunni að vera, að viðskiptakjör, sem fáanleg eru með vöruskiptasamningum, séu óhagstæðari en í viðskiptum við E.P.U.- og dollarasvæðið, er það álitið, að þau séu mun betri heldur en þau viðskiptakjör, er fengjust, ef meira útflutningi væri þröngvað inn á hina verndaðu og óteygjanlegu markaði á E.P.U.- og dollarasvæðinu. Satt að segja er það skoðun íslenzkra yfírvalda, að alls ekki sé unnt að selja alla fiskframleiðslu Íslands í E.P.U.- og dollaralöndum, eins og nú stendur, svo að hér er um það að velja að nota vöruskiptamarkaði eða að draga að mun úr framleiðslunni.

En jafnvel þótt viðskiptakjörin, sem þannig fást, séu tiltölulega hagstæð, hefur sú viðskiptastefna, sem nú er fylgt, í för með sér ýmis óþægindi. Hún takmarkar frjálst val íslenzkra neytenda, og til þess að halda henni uppi þarf flókið kerfi innflutningsálaga, útflutningsuppbóta og beinna hafta. Sú staðreynd, að enn þá þarf að beita höftum til þess að beina viðskiptunum í sérstakan farveg, gefur til kynna, að vöruskiptaverzlunin sé ekki alveg eins hagstæð og verzlun við E.P.U.- og dollaralöndin. En á meðan hömlur gegn fiskinnflutningi eru almennar á E.P.U.-svæðinu og sambönd fiskframleiðenda halda áfram að gera það ómögulegt fyrir Ísland að ná stærri hluta af markaðinum með harðari samkeppni, virðast íslenzk yfirvöld eiga þess lítinn kost að koma á frjálsari viðskiptum við útlönd.

Ef hægt væri að leysa deiluna við brezku togaraeigendurna, mundi það reynast auðveldara fyrir Ísland að auka viðskiptin við þátttökuríkin á ný. Ýmislegt bendir þó til þess, að eitthvert misræmi sé milli verðlags á Íslandi og annars staðar, t. d. sú staðreynd, að hömlur eru lagðar á ýmsar mikilvægar innflutningsvörur og sumar útflutningsvörur þarf að styðja sérstaklega. Að vísu er hinn stöðugt vaxandi útflutningur til Bandaríkjanna á grundvelli frjálsrar samkeppni uppörvandi, en það mundi vera bjartsýni að gera ráð fyrir, að hann geri það kleift að afnema útflutningsstyrki og innflutningshöft, eins og verðlagi er nú háttað.

Að halda við þeirri tegund af jafnvægi út á við, sem íslenzk yfirvöld gera ráð fyrir næstu 2—3 árin, virðist vera að setja markið of lágt. Sá gjaldeyrisforði,*) sem Íslendingar gera ráð fyrir, að hægt verði að koma upp í árslok 1956, er að vísu hærri en hann er nú, en mundi þó aðeins nema þriggja mánaða innflutningi c.i.f., en það er allmiklu minna en í flestum öðrum þátttökuríkjum. Hins vegar mundi íslenzkur innflutningur enn vera háður hinum miklu sveiflum fiskveiðanna, svo að í raun og veru þyrfti landið á sérstaklega háum varasjóði að halda í hlutfalli við utanríkisviðskipti sín. Íslendingar ættu þess vegna að veita eflingu erlendra inneigna meiri forgang. Meginhluta þess fjármagns, sem við þyrfti til að efla hinar erlendu inneignir, mætti fá með því að skera niður hinn ónauðsynlegri hluta fjárfestingar og útgjalda".

Viðskiptasamningar 1954.

Svíþjóð. Hinn 31. maí 1954 var undirritað í Stokkhólmi bókun um framlengingu á samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar. Er samkomulagið framlengt til 31. marz 1955. Gert er ráð fyrir, að frá Íslandi verði flutt út saltsíld, kryddsíld og sykursöltuð síld og aðrar vörur á sama hátt og undanfarin ár. Útflutningi á vörum frá Svíþjóð skal hagað með tilliti til, hversu útflutningur verður mikill á íslenzkum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Ítalía. Með erindaskiptum hinn 15. október 1954 var fallizt á að framlengja um eitt ár frá 27. júní 1954 að telja samkomulag um viðskípti Íslands og Ítalíu frá 27. júní 1953. Er samningurinn almenns eðlis, þar sem ríkisstjórnir beggja lofa að greiða

*) Hér er átt við inneign í frjálsum gjaldeyri að skuldum ófrádregnum, en áður er frá því skýrt í skýrslunni, að áætlunin byggist á því, að yfirdráttarheimild í E.P.U. sé notuð til fulls.

fyrir viðskiptum milli landanna, eftir því sem unnt er.

Ungverjaland. Með erindaskiptum í Genf 10. október 1954 var viðskiptasamningur við Ungverjaland frá 6. marz 1953 (sbr. 1. hefti Fjármálatíðinda, 30. bls.) framlengdur til ársloka 1955.

Austur-Þýzkaland. Einkavörusamningur. Hinn 9. september 1954 var undirritaður í Leipzig vöruskiptasamningur milli Íslenzka vöruskiptafélagsins og Deutscher Innen- und Aussenhandel i Austur-Þýzkalandi. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 1955. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir gagnkvæmum vöruskiptum, er nemi andvirði tveggja milljóna dollara. Íslendingar skulu flytja til Austur-Þýzkalands ísaðan og frystan fisk fyrir 1.385 þús. dollara, frysta síld fyrir 350 þús. dollara, niðursuðuvörur og fleira fyrir 65 þús. dollara og ullarvörur fyrir 200 þús. dollara. Frá Austur-Þýzkalandi verði í staðinn keyptar meðal annars eftirtaldar vörur: vefnaðarvörur, búsáhöld úr leir, postulini og gleri, ýmiss konar iðnaðarvélar, skrifstofuvélar, pappír og pappírsvörur, rafmagnsperur, miðstöðvarkatlar og ofnar, kalíáburður o. fl. Samkvæmt samningnum skulu greiðslur milli landanna fara fram á reikningum milli Landsbankans og Deutsche Notenbank, og hefur gagnkvæmur yfirdráttur þeirra verið ákveðinn 700 þús. dollarar. Innan ramma þessa samnings var svo hinn 29. september 1954 undirritaður samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Deutscher Innen- und Aussenhandel um sölu og landanir á um það bil 2.000 tonnum af ísvörðum fiski. Skyldu landanir hefjast um 25. október 1954. Skuldbindur kaupandi sig þar til að inna af höndum á reikning seljanda greiðslur togaranna i lendingarhöfn, allt upp i 26.000 vestur-þýzk mörk fyrir hvert skip og hverja ferð. Upphæð þessa skal draga frá heildarsöluverði hvers farms, og er þá miðað við gengið 1 U.S.dollar = 4,20 vestur-þýzk mörk.

Sparifjársöfnun skólabarna.

Á sl. vori var á vegum Landsbanka Íslands hafinn undirbúningur að starfsemi til að efla sparifjársöfnun meðal skólabarna. Hér er um uppeldisstarfsemi að ræða, sem gengur undir nafninu *sparifjársöfnun skólabarna, leiðsögn í ráðdeild og sparnaði.*

Starf það, sem unnið hefur verið hingað til, skiptist í tvo höfuðþætti. Í fyrsta lagi hefur verið lögð áherzla á, að öll skólabörn í landinu eignuðust sparisjóðsbók. Til þess að stuðla að því ákvað Landsbankinn að gefa hverju barni á skólaskyldualdri 10 krónur, sem barnið mátti nota til að stofna nýja sparisjóðsbók til 10 ára eða 6 mánaða eða leggja inn í samsvarandi bók, er barnið ætti fyrir. Þegar er skólar tóku til starfa í haust var byrjað að úthluta meðal barna 10 króna ávísunum, og er líklegt, að alls muni rúmlega 19 þús. börn hafa fengið slíkar ávísanir, þegar starfinu er lokið. Börnin hafa stofnað mikinn fjölda sparisjóðsbóka, og svo virðist, að rúmlega helmingur bókanna verði 10 ára bækur.

Annar höfuðþáttur starfseminnar er útgáfa sparimerkjabóka og sparimerkja, sem seld eru bæði i skólum og hjá innlánsstofnunum. Þar sem þetta starf krefst mikillar vinnu, þótti ekki fært að hefja sölu sparimerkja nema til barna í kaupstöðum landsins. Nokkrum kauptúnum var þó bætt við fyrir áeggjan ibúanna. Afhending sparimerkjabóka og sala sparimerkja hófst viðast hvar fyrsta vetrardag, og taka nú um það bil 320 kennarar þátt í merkjasölu auk innlánsstofnana.

Of snemmt er enn að gefa nákvæma skýrslu um þessa starfsemi, en óhætt er að segja, að hún hafi fengið mjög góðar viðtökur hjá flestum og vakið áhuga og ánægju meðal barnanna. Samvinna við kennara hefur verið með ágætum. Hafa bæði innlög í sparisjóðsbækur barnanna og sala sparimerkja orðið mun meiri en menn höfðu þorað að gera sér vonir um.

Skráð gengi hjá Landsbanka Íslands 15. desember 1954.

Skráð frá og með:		*Eining*	*Kaupgengi*	*Sölugengi*
20/3 1950	Sterlingspund . . .	1	45,55	45,70
— —	Bandaríkjadollar	1	16,26	16,32
20/8 1954	Kanadadollar . . .	1	16,84	16,90
20/3 1950	Dönsk króna . . .	100	235,50	236,30
— —	Norsk króna	100	227,75	228,50
— —	Sænsk króna . . .	100	314,45	315,50
— —	Finnskt mark . . .	100	—	7,09
— —	Franskur franki .	1.000	46,48	46,63
15/12 1954	Belgískur franki	100	32,65	32,75
11/2 —	Svissn. franki . . .	100	373,30	374,50
15/12 —	Gyllini	100	429,70	431,10
15/8 1953	Tékknesk króna .	100	225,72	226,67
15/12 1954	V.-þýzkt mark . . .	100	387,40	388,70
11/7 1950	Líra	1.000	26,04	26,12

Gullgengi íslenzkrar krónu. Pappírskrónan er nú 13,533% af upphaflegu verðgildi sínu. Ein pappírskróna samsvarar nú 0,0545675 gr af skíru gulli. Samkvæmt því jafngilda nú 100 gullkrónur 738,95 pappírskrónum.

Eftirfarandi *breytingar hafa orðið á gengisskráningu* erlends gjaldeyris frá 15. september til 15. desember 1954:

Belgískir frankar. Sölugengi hækkaði 15. desember úr 32,67 i 32,75 og kaupgengi úr 32,56 í 32,65.

Hollenzk gyllini. Sölugengi hækkaði 15. desember úr 430,35 í 431,10 og kaupgengi úr 428,95 í 429,70.

Vestur-þýzk mörk. Sölugengi lækkaði 15. desember úr 390,65 i 388,70 og kaupgengi úr 389,35 í 387,40.

Peningamarkaður.
Spariinnlánin lækka.

Seðlaveltan komst í septemberlok upp í 287 millj. kr., sem var 25 millj. kr. meira en á sama tíma í fyrra, en síðan hefur hún dregizt saman um nærri 15 millj. kr. Jafnframt hefur aðstaða bankanna gagnvart útlöndum batnað um 47 millj. kr. í október og nóvember. Hvort tveggja stefnir þetta mjög i rétta átt, en það er ástæða til að benda á, að seðlabankinn er hvorki fær um að auka gjaldeyriseign sína né að draga úr seðlamagninu, nema útlán hans minnki eða innlán aukist. Hin hagstæða þróun er að þessu sinni fyrst og fremst því að þakka, að endurkaup framleiðsluvöruvíxla hafa minnkað um meira en 60 millj. kr. síðustu tvo mánuði vegna mikils útflutnings og minnkandi vörubirgða. Einnig hafa skuldir rikissjóðs að frádregnum innlánum lækkað um 17 millj. kr.

Þróunin á næstunni mun fara mjög eftir

Seðlavelta.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing 1952	1953	1954
Janúar	184.785	201.155	253.180	÷ 12.770	÷ 19.965	÷ 27.770
Febrúar	181.215	203.205	241.410	÷ 3.570	+ 2.050	÷ 11.770
Marz	182.270	208.710	243.810	+ 1.055	+ 5.505	+ 2.400
Apríl	186.045	216.010	256.090	+ 3.775	+ 7.300	+ 12.280
Maí	193.795	232.170	271.810	+ 7.750	+ 16.160	+ 15.720
Júní	201.845	237.405	274.505	+ 8.050	+ 5.235	+ 2.695
Júlí	212.130	253.540	277.505	+ 10.285	+ 16.135	+ 3.000
Ágúst	212.685	251.190	276.765	+ 555	÷ 2.350	÷ 740
September	216.910	261.600	286.665	+ 4.225	+ 10.410	+ 9.900
Október	219.175	261.975	279.665	+ 2.265	+ 375	÷ 7.000
Nóvember	210.800	258.865	271.785	÷ 8.375	÷ 3.110	÷ 7.880
Desember	221.120	280.950		+ 10.320	+ 22.085	

því, hverjar breytingar verða á þessum líðum. Endurkaupin ákvarðast af birgðum framleiðsluvara, og er ekki líklegt, að þær aukist á ný, fyrr en kemur fram á vetrarvertíð. Ríkissjóður átti um 40 millj. kr. innstæðu í seðlabankanum í nóvemberlok. Verði þetta fé dregið úr bankanum á ný, til dæmis í sambandi við ráðstöfun tekjuafgangs ríkissjóðs, mundi það hafa þau áhrif að auka seðlaveltuna, nema aðrir liðir hreyfist í öfuga átt, sem er ólíklegt að verði. Hefur ríkisvaldið því að miklu leyti i hendi sér, hverjar breytingar verða á peningaveltunni á næstunni, en mikla nauðsyn ber nú til að hamla sem mest á móti vaxandi þenslu í efnahagskerfinu.

Heildarútlán bankanna hækkuðu alla haustmánuðina, þangað til i nóvember, en þá lækkuðu þau lítið eitt. Er þessi þróun óhagstæðari en undanfarin ár, því að venjulega lækka útlánin alla fjóra síðustu mánuði ársins. Ein ástæðan til þess, hve útlán

Aðstaða bankanna gagnvart útlöndum.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing		
				1952	1953	1954
Janúar	76.076	9.288	104.288	+ 423	÷ 29.771	+ 39.862
Febrúar	69.212	1.145	124.061	÷ 6.864	÷ 8.143	+ 19.773
Marz	62.322	÷ 18.432	94.832	÷ 6.890	÷ 19.577	÷ 29.229
Apríl	48.843	÷ 40.044	89.636	÷ 13.479	÷ 21.612	÷ 5.196
Maí	38.492	÷ 50.694	60.195	÷ 10.351	÷ 10.650	÷ 29.441
Júní	1.008	÷ 7.031	29.006	÷ 37.484	+ 43.663	÷ 31.189
Júlí	÷ 26.961	÷ 19.946	46.351	÷ 27.969	÷ 12.915	+ 17.345
Ágúst	÷ 19.271	÷ 4.661	24.497	+ 7.690	+ 15.285	÷ 21.854
September	÷ 8.031	31.171	33.011	+ 11.240	+ 35.832	+ 8.514
Október	÷ 4.622	15.969	55.824	+ 3.409	÷ 15.202	+ 22.813
Nóvember	37.548	47.473	79.658	+ 42.170	+ 31.504	+ 23.834
Desember	39.059	64.426		+ 1.511	+ 16.953	

Endurkeyptir víxlar í seðlabankanum.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing		
				1952	1953	1954
Janúar	171.211	237.590	235.693	÷ 4.353	÷ 4.727	÷ 54.711
Febrúar	165.460	261.262	235.788	÷ 5.751	+ 23.672	+ 95
Marz	177.217	275.475	228.621	+ 11.757	+ 14.213	÷ 7.167
Apríl	178.049	296.031	254.979	+ 832	+ 20.556	+ 26.358
Maí	187.254	331.159	305.836	+ 9.205	+ 35.128	+ 50.857
Júní	231.248	342.021	332.409	+ 43.994	+ 10.862	+ 26.573
Júlí	261.583	346.530	328.211	+ 30.335	+ 4.509	÷ 4.198
Ágúst	265.556	354.207	327.765	+ 3.973	+ 7.677	÷ 446
September	266.706	339.191	339.690	+ 1.150	÷ 15.016	+ 11.925
Október	259.767	312.107	331.810	÷ 6.939	÷ 27.084	÷ 7.880
Nóvember	252.605	281.096	278.166	÷ 7.162	÷ 31.011	÷ 53.644
Desember	242.317	290.404		÷ 10.288	+ 9.308	

hafa lækkað lítið, er, að innheimta beinna skatta hefur gengið mun seinna en undanfarin ár og lán til ríkissjóðs og sveitarfélaga því ekki lækkað eins ört og venjulega á þessum árstíma.

Veltiinnlánin hafa aukizt allmikið undanfarna mánuði, en það stafar að langmestu leyti af hinum auknu innstæðum ríkissjóðs í seðlabankanum, sem fyrr er getið. Séu þær innstæður frá taldar, væru veltiinnlán í nóvemberlok aðeins 15 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra.

Alvarlegasta teikn, sem nú er á lofti í þessum efnum, er samdráttur sá, sem orðið hefur í sparifjársöfnun síðan í ágúst. Hefur sparifjáraukningin farið minnkandi með hverjum mánuði, og í nóvember lækkaði spariféð um 12 millj. kr., og er það fyrsta skipti, sem spariinnlán lækka síðan i október 1952. Nú er það að vísu eðlilegt, að

Mótvirðissjóður ásamt lokuðum reikningi Framkvæmdabankans og skuldagreiðslureikningi.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing		
				1952	1953	1954
Janúar	169.595	199.599	196.346	÷ 267	+ 3.743	÷ 1.060
Febrúar	176.761	202.063	197.983	+ 7.166	+ 2.464	+ 1.637
Marz	180.526	202.637	197.715	+ 3.765	+ 574	÷ 268
Apríl	180.711	203.512	197.450	+ 185	+ 875	÷ 265
Maí	211.924	224.827	197.450	+ 31.213	+ 21.315	0
Júní	223.357	281.201	199.155	+ 11.433	+ 56.374	+ 1.705
Júlí	224.295	287.908	199.357	+ 938	+ 6.707	+ 202
Ágúst	223.537	289.513	197.583	÷ 758	+ 1.605	÷ 1.774
September	224.387	226.239	194.584	+ 850	÷ 63.274	÷ 2.999
Október	189.295	226.757	193.531	÷ 35.092	+ 518	÷ 1.053
Nóvember	198.098	194.323	191.395	+ 8.803	÷ 32.434	÷ 2.136
Desember	195.856	197.406		÷ 2.242	+ 3.083	

Heildarútlán bankanna.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing		
				1952	1953	1954
Janúar	1.244.283	1.390.481	1.598.633	÷ 6.427	+ 19.831	+ 379
Febrúar	1.264.319	1.428.387	1.601.182	+ 20.036	+ 37.906	+ 2.549
Marz	1.293.069	1.473.225	1.636.667	+ 28.750	+ 44.838	+ 35.485
Apríl	1.310.350	1.526.451	1.694.458	+ 17.281	+ 53.226	+ 57.791
Maí	1.383.590	1.604.941	1.768.659	+ 73.240	+ 78.490	+ 74.201
Júní	1.418.044	1.660.689	1.806.009	+ 34.454	+ 55.748	+ 37.350
Júlí	1.455.500	1.697.640	1.799.397	+ 37.456	+ 36.951	÷ 6.612
Ágúst	1.459.051	1.713.509	1.825.025	+ 3.551	+ 15.869	+ 25.628
September	1.446.476	1.678.794	1.835.279	÷ 12.575	÷ 34.715	+ 10.254
Október	1.443.119	1.674.709	1.856.965	÷ 3.357	÷ 4.085	+ 21.686
Nóvember	1.381.809	1.627.166	1.841.871	÷ 61.310	÷ 47.543	÷ 15.094
Desember	1.370.650	1.598.254		÷ 11.159	÷ 28.912	

sparifjáraukningin sé minnst síðustu fjóra mánuði ársins, enda er þá neyzla með mesta móti, en umskiptin eru að þessu sinni svo mikil, að sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki sé um dýpri orsakir að ræða. Í fyrra jukust spariinnlög um 40 millj. kr. frá júlílokum til nóvemberloka, en í ár hefur sparifé aðeins aukizt um 0,3 millj. kr. á sama tíma. Slík breyting gæti boðað vaxandi vantrú manna á gjaldmiðlinum og nýjan ótta við verðbólgu. Einnig er vafalítið, að mikið fé er nú dregið úr bönkum og sparisjóðum til bílakaupa og til að kosta hinar stórauknu húsbyggingar, sem nú eiga sér stað.

Hætt er við, að erfitt verði að hamla á móti verðbólgu, ef þessi óheillaþróun stöðvast ekki, þegar kemur fram á næsta ár. Fjárfesting er nú gífurleg í þjóðfélaginu, og hlýtur hún óumflýjanlega að leiða til verðbólgu, ef sparifjársöfnunin dregst saman til lengdar.

Spariinnlán í bönkunum.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing		
				1952	1953	1954
Janúar	480.876	555.646	717.572	+ 12.662	+ 8.918	+ 24.325
Febrúar	490.450	570.258	737.881	+ 9.574	+ 14.612	+ 20.309
Marz	497.502	588.985	760.098	+ 7.052	+ 18.727	+ 22.217
Apríl	505.137	597.859	762.840	+ 7.635	+ 8.874	+ 2.742
Maí	517.498	614.715	777.435	+ 12.361	+ 16.856	+ 14.595
Júní	526.211	628.635	787.565	+ 8.713	+ 13.920	+ 10.130
Júlí	534.088	639.323	810.333	+ 7.877	+ 10.688	+ 22.768
Ágúst	538.984	649.982	818.504	+ 4.896	+ 10.659	+ 8.171
September	532.248	665.160	822.641	÷ 6.736	+ 15.178	+ 4.137
Október	531.310	673.515	823.181	÷ 938	+ 8.355	+ 540
Nóvember	533.741	679.831	810.788	+ 2.431	+ 6.316	÷ 12.393
Desember	546.728	693.247		+ 12.987	+ 13.416	

Veltiinnlán í bönkunum að frádregnu mótvirðisfé.

Í mánaðarlok	1952	1953	1954	Mánaðarleg hreyfing		
				1952	1953	1954
Janúar	251.156	199.400	252.962	÷ 12.802	÷ 11.268	+ 31.825
Febrúar	252.787	205.479	266.063	+ 1.631	+ 6.079	+ 13.101
Marz	266.686	200.640	232.447	+ 13.899	÷ 4.839	÷ 33.616
Apríl	256.330	205.647	270.831	÷ 10.356	+ 5.007	+ 38.384
Maí	260.509	216.644	274.297	+ 4.179	+ 10.997	+ 3.466
Júní	230.767	229.586	253.835	÷ 29.742	+ 12.942	÷ 20.462
Júlí	224.146	224.836	246.592	÷ 6.621	÷ 4.750	÷ 7.243
Ágúst	232.562	239.236	237.903	+ 8.416	+ 14.400	÷ 8.689
September	226.841	273.744	247.321	÷ 5.721	+ 34.508	+ 9.418
Október	252.578	244.627	284.368	+ 25.737	÷ 29.117	+ 37.047
Nóvember	226.530	250.473	301.187	÷ 26.048	+ 5.846	+ 16.819
Desember	210.668	221.137		÷ 15.862	÷ 29.336	

Töflur

I. tafla. Inn- og útflutningur og verzlunarjöfnuður eftir mánuðum 1952—1954 í millj. kr.

	1952			1953			1954		
	Inn-flutn.	Út-flutn.	Verzl.-jöfn.	Inn-flutn.	Út-flutn.	Verzl.-jöfn.	Inn-flutn.	Út-flutn.	Verzl.-jöfn.
Janúar	83,5	43,0	÷ 40,5	72,6	46,5	÷ 26,1	86,3	61,1	÷ 25,2
Febrúar	66,5	60,7	÷ 5,8	57,1	51,6	÷ 5,5	67,7	75,1	7,4
Marz	57,8	48,2	÷ 9,6	85,0	42,5	÷ 42,5	77,5	68,8	÷ 8,7
Apríl	69,2	31,8	÷ 37,4	77,9	39,5	÷ 38,4	56,5	62,9	6,4
Maí	102,1	45,7	÷ 56,4	66,8	27,9	÷ 38,9	110,8	67,2	÷ 43,6
Júní	82,0	15,6	÷ 66,4	108,1	58,3	÷ 49,8	117,9	62,1	÷ 55,8
Júlí	78,0	43,8	÷ 34,2	72,7	44,0	÷ 28,7	101,8	54,1	÷ 47,7
Ágúst	60,3	60,1	÷ 0,2	63,0	75,4	12,4	96,1	49,5	÷ 46,6
September	56,1	75,8	19,7	90,2	77,3	÷ 12,9	84,1	73,6	÷ 10,5
Október	97,9	80,3	÷ 17,6	119,7	66,7	÷ 53,0	88,4	116,7	28,3
Nóvember	89,0	92,8	3,8	126,9	97,2	÷ 29,7			
Desember	67,4	43,5	÷ 23,9	171,3	79,4	÷ 91,9			
Samtals	909,8	641,3	÷ 268,5	1.111,3	706,3	÷ 405,0			
Janúar—október	753,4	505,0	÷ 248,4	813,1	529,7	÷ 283,4	887,1	691,1	÷ 196,0

II. tafla. Útflutningur helztu vöruflokka í millj. kr. og hlutfallstölum (%).

	Allt árið				Janúar—september			
	1952		1953		1953		1954	
	millj. kr.	%	millj. kr.	%	millj. kr.	%	millj. kr.	%
Ísfiskur	34,3	5,3	8,8	1,3	1,3	0,3	2,8	0,5
Frystur fiskur	171,8	26,8	210,3	29,8	140,8	30,4	218,0	37,9
Fryst síld	3,6	0,6	10,2	1,4	8,4	1,8	2,8	0,5
Saltfiskur	194,9	30,4	165,1	23,4	117,0	25,3	129,8	22,6
Hrogn, söltuð og fryst	9,6	1,5	10,1	1,4	9,0	1,9	11,5	2,0
Harðfiskur	19,6	3,1	64,7	9,2	44,9	9,7	69,9	12,2
Saltsíld	44,9	7,0	73,1	10,3	38,2	8,2	26,8	4,7
Þorskalýsi	33,3	5,2	46,6	6,6	35,0	7,6	33,0	5,7
Síldarlýsi	6,8	1,1	12,3	1,7	1,3	0,3	5,3	0,9
Karfalýsi	4,0	0,6	5,0	0,7	2,6	0,6	4,2	0,7
Hvallýsi	2,9	0,5	6,0	0,8	6,0	1,3	5,2	0,9
Fiskimjöl	32,7	5,1	35,7	5,1	30,3	6,5	40,4	7,0
Síldarmjöl	9,7	1,5	8,8	1,3	1,3	0,3	0,5	0,1
Karfamjöl	5,7	0,9	5,4	0,8	2,1	0,5	4,0	0,7
Ull	10,5	1,6	6,6	0,9	5,1	1,1	8,3	1,5
Gærur og skinn	21,8	3,4	17,0	2,4	5,7	1,2	2,1	0,4
Aðrar vörur	35,2	5,4	20,6	2,9	13,9	3,0	9,8	1,7
Samtals	641,3	100,0	706,3	100,0	462,9	100,0	574,4	100,0

III. tafla. Viðskipti við einstök lönd í millj. kr.

	Innflutningur				Útflutningur			
	Allt árið		Janúar—sept.		Allt árið		Janúar—sept.	
	1952	1953	1953	1954	1952	1953	1953	1954
E.P.U.- og sterling-greiðslusvæðið:								
Danmörk	54,6	79,5	42,4	35,6	64,0	14,5	3,9	15,9
Noregur	16,4	23,9	11,2	10,4	3,0	18,7	9,0	27,6
Svíþjóð	36,0	28,6	16,6	45,5	20,3	30,6	24,8	11,2
Belgía	30,6	24,3	16,9	19,2	3,8	0,6	0,5	2,6
Bretland	188,6	128,0	90,0	99,0	89,2	74,2	58,6	44,3
Grikkland	0,0	0,1	0,1	0,6	21,0	15,3	7,0	6,5
Holland	22,5	34,7	19,4	25,6	17,0	14,0	7,1	22,4
Ítalía	8,6	12,4	6,3	16,8	77,9	30,7	18,2	32,4
Portúgal	0,3	0,4	0,4	0,2	0,8	35,0	35,0	22,5
Vestur-Þýzkaland	40,8	68,5	44,7	65,9	34,2	50,1	30,8	31,5
Hollenzkar nýlendur í Ameríku	142,7	115,1	80,8	13,3	—	—	—	0,0
Brezkar nýlendur í Afríku	0,2	0,1	—	0,1	4,8	16,3	14,5	10,9
Önnur E.P.U.-lönd	13,1	43,2	33,9	21,6	25,6	31,2	26,6	29,7
E.P.U.-lönd samtals	554,4	558,8	362,7	353,8	361,6	331,2	236,0	257,5
Dollara-greiðslusvæðið:								
Bandarikin	185,4	294,9	174,0	163,5	158,3	108,2	74,9	114,0
Kanada	9,5	10,8	8,0	3,3	0,6	0,1	0,1	—
Önnur dollaralönd	6,4	18,5	13,8	6,2	6,5	8,3	6,5	3,9
Dollarasvæðið samt.	201,3	324,2	195,8	173,0	165,4	116,6	81,5	117,9
Vöruskiptalönd:								
Finnland	34,2	55,7	33,1	56,6	35,8	53,9	16,5	12,7
Pólland	36,8	27,4	18,5	13,4	21,4	11,9	8,5	15,9
Rússland	0,1	25,9	0,0	93,1	—	89,3	40,9	81,2
Spánn	27,0	43,7	29,0	37,9	21,0	26,0	22,2	14,5
Tékkó-Slóvakia	23,2	24,3	16,8	23,1	15,8	12,5	9,3	33,3
Austur-Þýzkaland	—	14,9	7,2	16,7	7,1	26,6	25,3	7,9
Brazilía	16,8	22,9	20,5	19,5	4,3	25,1	9,8	26,9
Önnur vöruskiptalönd	16,0	13,5	9,9	11,6	8,9	13,2	12,9	6,6
Vöruskiptalönd samt.	154,1	228,3	135,0	271,9	114,3	258,5	145,4	199,0
Samtals	909,8	1.111,3	693,5	798,7	641,3	706,3	462,9	574,4

IV. tafla. Viðskipti við einstök lönd í hlutfallstölum (%).

	Innflutningur				Útflutningur			
	Allt árið		Janúar—sept.		Allt árið		Janúar—sept.	
	1952	1953	1953	1954	1952	1953	1953	1954
E.P.U.- og sterling-greiðslusvæðið:								
Danmörk	6,0	7,2	6,1	4,5	10,0	2.1	0,8	2,8
Noregur	1,8	2,1	1,6	1,3	0,5	2,7	2,0	4,8
Svíþjóð	4,0	2,6	2,4	5,7	3,2	4,3	5,4	2,0
Belgía	3,4	2,2	2,4	2,4	0,6	0,1	0,1	0,5
Bretland	20,7	11,5	13,0	12,4	13,9	10,5	12,6	7,7
Grikkland	0,0	0,0	0,0	0,1	3,3	2,2	1,5	1,1
Holland	2,5	3,1	2,8	3,2	2,6	2,0	1,5	3,9
Ítalía	0,9	1,1	0,9	2,1	12,1	4,4	3,9	5,6
Portúgal	0,0	0,0	0,1	0,0	0,1	5,0	7,6	3,9
Vestur-Þýzkaland	4,5	6,2	6,4	8,2	5,3	7,1	6,7	5,5
Hollenzkar nýlendur í Ameriku	15,7	10,4	11,7	1,7	—	—	—	0,0
Brezkar nýlendur í Afriku	0,0	0,0	—	0,0	0,7	2,3	3,1	1,9
Önnur E.P.U.-lönd	1,5	3,9	4,9	2,7	4,0	4,3	5,7	5,2
E.P.U.-lönd samtals	61,0	50,3	52,3	44,3	56,3	47,0	50,9	44,9
Dollara-greiðslusvæðið:								
Bandaríkin	20,4	26,5	25,1	20,5	24,7	15,3	16,2	19,9
Kanada	1,0	1,0	1,1	0,4	0,1	0,0	0,0	—
Önnur dollaralönd	0,7	1,7	2,0	0,8	1,0	1,1	1,4	0,7
Dollarasvæðið samt.	22,1	29,2	28,2	21,7	25,8	16,4	17,6	20,6
Vöruskiptalönd:								
Finnland	3,8	5,0	4,8	7,1	5,6	7,6	3,6	2,2
Pólland	4,0	2,5	2,7	1,7	3,3	1,7	1,9	2,8
Rússland	0,0	2,3	0,0	11,7	—	12,7	8,8	14,1
Spánn	3,0	3,9	4,2	4,7	3,3	3,7	4,8	2,4
Tékkó-Slóvakía	2,5	2,2	2,4	2,9	2,5	1,8	2,0	5,8
Austur-Þýzkaland	—	1,3	1,0	2,1	1,1	3,8	5,5	1,4
Brazilía	1,8	2,1	3,0	2,4	0,7	3,5	2,1	4,7
Önnur vöruskiptalönd	1,8	1,2	1,4	1,4	1,4	1,8	2,8	1,1
Vöruskiptalönd samt.	16,9	20,5	19,5	34,0	17,9	36,6	31,5	34,5
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0